



Þessir ungu menn létu sólarleysið í Reykjavík ekki á sig fá og höfðu það náðugt á Austurvelli í dumbungnum í gær. Það er enda eins gott að borgarbúar læri að spóka sig úti þótt lítil sé sólin, því veðurspár benda til þess að ekki muni mikið sjást yfir Reykjavík nema ský og væta næstu vikuna. Sumarið kann að hafa verið stutt og laggott í ár eins og Íslendingar þekkja. **FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR**

Njála er efniviður uppistands Bjarna

TÍMAMÓT Bjarni Harðarson bóksali telur að í Njálu megi greina sögu um kynþáttaóeirðir. Telur hann að Gunnar á Hlíðarenda hafi verið kominn af irskri konungaætt og að þetta skýri hvers vegna stöðugt hafi verið reynt að etja ófriði við hann.



Bjarni Harðarson bóksali.

Bjarni hyggst fjalla um túlkun sína á Njálu í uppstandi í hellunum við Hellu undir lok vikunnar. Hellana segir hann tengjast keltneskri byggð sem var á Suðurlandi og því sé staðsetning viðburðarins þar.

Ymislegt mun bera þar á góma, meðal annars hjónabandsmál Gunnars. **SJÁ SÍÐU 12**

Rúmur helmingur ánægður með styttingu vinnuviku


Starfsfólk hins opinbera er mun ánægðara með styttingu vinnuvikunnar en starfsfólk í einkageiranum. Konur eru ánægðari en karlar og fólk á höfuðborgarsvæðinu ánægðara en á landsbyggðinni.

adalheidur@frettabladid.is

KJARAMÁL Fimmtíu og þrjú prósent landsmanna eru ánægð með styttingu vinnuvikunnar á sínum vinnustað, samkvæmt könnun sem Prósent gerði fyrir Fréttablaðið. Hlutfall þeirra sem segjast mjög ánægð og þeirra sem segjast frekar ánægð er nokkuð jafnt.

Tæpt 21 prósent er hins vegar frekar eða mjög óánægð. Stytting vinnuvikunnar hefur ekki enn verið

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með styttingu vinnuvikunnar?



innleidd á vinnustöðum 21 prósent svarenda.

Athygli vekur að starfsmenn hins opinbera, það er ríkis og sveitarfélaga, eru mun ánægðari með styttingu vinnuvikunnar en starfsmenn á almennum vinnumarkaði. Þannig segjast 64 prósent opinberra starfsmanna ánægð með styttingu vinnuvikunnar en aðeins 44 prósent starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Munurinn er sérstaklega mikill á þeim sem segjast mjög ánægð, 40 prósent opinberra starfsmanna samanborið við 19 prósent starfsmanna í einkageiranum.

Könnunin var send á könnunarhóp Prósent og svartími var frá 15. til 23. júlí. Í hópnum voru 2.600 einstaklingar á Íslandi, átján ára og eldri, og voru svör þeirra vegin eftir kyni, aldri og búsetu. Svarhlutfall var 52 prósent. **SJÁ SÍÐU 4**

Róðurinn þyngist á Landspítalanum

thorvardur@frettabladid.is

COVID-19 Einn liggur í öndunarvél á Landspítala vegna Covid-19, í fyrsta sinn sem slíkt hefur þurft í fjórðu bylgju faraldursins. Fimm voru lagðir inn á spítalann í fyrradag og einn í gær. Nú eru sextán inniliggjandi, þar af tveir á gjörgæslu. Unnið er að opnun nýrrar Covid-deildar á spítalanum.

Um helgina greindust 153 smit en færri sýni eru vanalega tekin um helgar. Um þrjú þúsund manns höfðu skráð sig í sýnatöku á höfuðborgarsvæðinu í gær, þegar Fréttablaðið ræddi við Óskar Reykdalsson, forstjóra Heilsubrúgæslu höfuðborgarsvæðisins. „Það er kannski örlítið meira en hefur venjulega verið, en það hefur ekki orðið nein holskefla eftir verslunarmannahelgi.“ Almannaþingir halda upplýsingafund um ástand faraldursins í dag. **SJÁ SÍÐU 6**



Settu saman þinn ID.4 GTX á www.hekla.is/gtx

Verð frá 7.150.000 kr.

VW ID.4 GTX
Fullvaxinn fjórhjóladrifinn rafmagnsbíll

HEKLA · Sími 590 5000 · Laugavegur 170



Komdu og prófaðu!



Þó margir hafi lagt land undir fót um helgina var lítið um umferðarhnúta.

Fremur lítil umferð í bæinn á frídegi verslunarmanna

thorvardur@frettabladid.is

REYKJAVÍK Fremur lítil umferð var á höfuðborgarsvæðinu í gær, á frídegi verslunarmanna, en helgin er vanalega mesta ferðahelgi ársins. Umferðin virðist hafa dreifst meira þetta árið og umferðarpunginn í gær var því minni en búast mátti við í venjulegu árferði, er fólk sneri til baka á höfuðborgarsvæðið eftir að hafa varið helginni úti á landi.

Ljósmyndari Fréttablaðsins tók þessa mynd af umferðinni í Ártúnsbrekku í gærkvöldi. Þar mátti varla sjá að verslunarmannahelginni væri að ljúka og umferð lítt meiri en á hefðbundnum mánudegi. ■

Sveif til lendingar



Ítalski flugvélaverkfræðingurinn Alberto Porto lenti flugvélinni Risen á Reykjavíkflugvelli í gær, eftir flug frá Skotlandi. Vélin er framleidd af svissneska fyrirtækinu Swiss Excellence Airplanes. Um físvél er að ræða, en vélar í þeim flokki veiga ekki meira en 450 kíló.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR

Óvissa um fyrirkomulag sóttvarna í leikskólum sem hefjast margir í dag

thorgrimur@frettabladid.is

COVID-19 Opnun leikskóla fyrir haustið hefst í dag og mun standa fram í næstu viku. Þó liggur fyrir að sumir leikskólastarfsmenn sem hafa verið sprautaðir með bóluefninu Janssen verða ekki búnir að fá aðra sprautu til þess að vernda þá fyrir Delta-afbrigði kórónaveirunnar áður en þeir mæta aftur til starfa.

Að sögn Helga Grímssonar, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, liggja enn ekki fyrir leiðbeiningar frá Þórólfi Guðnasyni sóttvarnalækni sem fara verði eftir við skólalífi í haust. Samkvæmt heimild frá Reykjavíkurborg verða málefni tengd sóttvörnum og skólalífi rædd á fundi neyðarstjórnar í dag.

„Ég held að þegar við komumst fram yfir þessi sumarleyfi sem eru



Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

búin að vera í gangi fáum við betri mynd af þessu,“ segir Helgi. „Samkvæmt reglugerðum verðum við að fylgja leiðsögn og fyrirmælum frá heilbrigðisyfirvöldum. Borgaryfivöld semja ekki leikreglurnar.“ ■

Ævar kjötæta fluttur í sveit og ræktar þar sitt eigið kjöt

Kjötiðnaðarmaðurinn Ævar Austfjörð er fluttur í sveit og farinn að rækta eigin gripi eftir umhverfissvænni leið með minni aðkomu tækja. Grænmeti fær einnig rými á býlinu.

kristinnpall@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Þetta er búið að blunda lengi í okkur, bæði mér og konunni, án þess að það hafi verið rætt þar til fyrir um tveimur árum. Ég keyrði reglulega um þessa fallegu sveit og þá kom upp þessi hugmynd, að það gæti verið gaman að finna hús með jörð til að huga að eigin framleiðslu,“ segir kjötiðnaðarmaðurinn Ævar Austfjörð sem hefur verið áberandi talsmaður aukinnar kjötneyslu og leggur áherslu á „carnivore“ mataræði þar sem einstaklingur neytir aðeins dýraafurða. Hann er fluttur í sveitina og stundar nautgripa- og kjúklingarækt á bænum Hlemmskeiði í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

„Þetta er bara nokkuð rólegt og gott líf. Það er minna um að maður sé að setjast fyrir framan sjónvarpið því það þarf að sinna búverkum og skepnunum. Það eru nýjar áherslur,“ segir hann glettinn.

Ævar segist vera að reyna „óhefðbundnar“ leiðir í búskap og leggja meiri áherslu á umhverfissvænni framleiðsluhætti.

„Ég er í raun hvorki bóndi né landbúnaðarskólalagenginn en sit námskeið hjá bandarískri stofnun um þennan lífsstíl og er í miklum samskiptum við tvo fræðimenn á sviði landbúnaðar. Annar þeirra er um leið bóndi með tvö þúsund hektara land og nýtir dýrin til að rækta jörðina með því að stýra beitinni. Eftir því sem ég kemst næst eru engir sérfræðingar hérlendis í þessari aðferð og því leitaði ég til erlendra sérfræðinga hjá Soil health academy og Understanding ag. Við



Hjónin Ævar Austfjörð og Ása Sif Tryggvadóttir og heimasætan Erla Donna Þorsteinsdóttir. MYND/ABSEND.



Hugmyndin er að ala dýrin án alls áburðar og með lágmarks tækjanotkun.

Ævar Austfjörð, kjötiðnaðarmaður og bóndi.

byrjuðum smátt með sex kálfa og nokkra kjúklinga og langar að vera með fleiri dýr og svo vonandi vex þetta, en landið getur dugað fyrir nokkra tugi gripa,“ segir Ævar og heldur áfram:

„Hugmyndin er að ala dýrin sem mest á beit án alls áburðar og með lágmarks tækjanotkun ef mögulegt er. Nota sem minnsta orku-

gjafa á borð við bensín og dísilolíur. Rannsóknir staðfesta að þetta sé umhverfissvænni leið og um leið stuðla dýrin að aukinni bindingu kolefnis. Það eru í raun allar líkur á að þessi búskapur bindi meira kol-efni en hann losar. Við hjónin erum að skoða óhefðbundið framleiðsluferli og eitt af því sem við erum að huga að er dýravelferð, að vera ekki að loka dýrin inni í þröngu rými heldur gefa þeim meira frelsi. Dýrin okkar munu eiga mjög gott líf.“

Hann gerir hins vegar ráð fyrir að rækta grænmeti á býli sínu. „Grænmetið fær líka sitt svæði, hálfan hektara eða svo,“ segir Ævar glettinn. „En grænmetisræktin bíður til næsta árs.“

Við reynum að nýta landið vel og verðum með kartöflur, grænmeti og fleira fyrir fjölskyldu, vini og þá sem vilja versla við okkur. Það þurfa ekki allir að elta mína matarsíði þó að ég hafi verið í forsvari fyrir lífsstíl sem snýst um kjötát.“ ■

FlugPlus!

BÓKAÐU Á PLUSFERDIR.IS



Keflavík - Tenerife, báðar leiðir

04. - 11. ágúst
Verð frá 49.900 kr.

Keflavík - Malaga, báðar leiðir

06. - 17. ágúst
Verð frá 39.900 kr.

Keflavík - Alicante, báðar leiðir

05. - 12. ágúst
Verð frá 39.900 kr.

Keflavík - Malaga, báðar leiðir

17. - 27. ágúst
Verð frá 47.900 kr.

Innifalið: Flug, skattar og 8 kg. handfarangur.

Birt með fyrirvara um prentvillur, stafabrengl og önnur „úps“

WWW.PLUSFERDIR.IS | INFO@PLUSFERDIR.IS

Enox Yadea L5
rafmagnshlaupahjól

49.990 kr.

Flottasta hjólið?

Stæðilegur gripur • Sterkleg bygging • Mikill kraftur
Hágæða frágangur • Ótrúlegt verð



Drægni

Allt að 30 km drægni kemur þér enn lengra.



Öflugur mótör

Kraftmikill mótör með allt að 700w hámarksafli.



Snjallrafhlaða

3. kynslóð snjallrafhlöðu tryggir betri endingu.



Bremsur

Tvöfalt bremsukerfi með 140mm diskabremsu.



Stímstilling

Stímstilling (Cruise Control) eykur þægindi.



Ber meira

100kg burðargeta.



Lykilræsing

Hjólið er gangsett með lykli til að tryggja öryggi.



Stærri dekk

10" uppblásin dekk með sjálfvirku viðgerðarkerfi



Framljós

Öflugt LED framljósið dregur allt að 100m.




Afturljós

Afturljós sem blikkar við hemlun.



Snúin inngjöf

Snúin inngjöf í handfangi eykur þægindi.



Breiðara bretti

20cm breitt standbretti úr 6 laga harðviði.

HÓPKAUP

enox.[®]
enjoy life

ÞÝSKT
GÆÐAMERKI





Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðs-saksóknari. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Taka skýrslur vegna andláts í lögreglubifreið

lovisa@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Rannsókn er hafin á andláti manns í haldi lögreglu um helgina. Það er embætti héraðs-saksóknara sem fer með rannsókna. Skýrslutökur vegna rannsóknarinnar hófust í gær og halda áfram í dag.

„Þetta er á fyrstu stigum og rannsóknin að hefjast,“ segir Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðs-saksóknari.

Spurð hvers vegna maðurinn hafi verið fluttur með lögreglubíl en ekki sjúkrahúsi segir hún að erfitt sé að segja um það í þessu tilvikum.

„En það eru ákveðnar vinnureglur um það þegar menn eru í annarlegu ástandi. Sjúkraflutningamenn flytja ekki fólk í slíku ástandi, öryggis þeirra vegna. Sjúkraflutningamenn eru ekki þjálfaðir í því,“ segir Kolbrún.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var maðurinn handtekinn fyrir utan Draumasetrið, áfangahemili fyrir heimilisláusa, eitt af úrræðum Geðhjálp, sem er rekið af líknarfélaginu Spörvum. Maðurinn var 35 ára gamall og skilur eftir sig ungan son. ■

Rútuslys varð í Biskupstungum

thorgrimur@frettabladid.is

SLYS Rúta ferðapjónustufyrirtækisins Arctic Rafting ók út af vegi í Biskupstungum í gærkvöldi með um fimmtíu farþega innanborðs. Þýrla Landhelgisgæslunnar var send á vettvang til þess að sækja slasaða auk þess sem margir viðbragðsaðilar voru kallaðir til.

Að sögn farþega sem Visir ræddi við hafði rútnni verið ekið hratt miðað við það að farið var eftir malarvegi og með kerru. Nokkrir voru með höfuðverka eftir slysið og talið er að einn hafi axlarbrotnað. ■

Opinberir starfsmenn ánægðari með styttinguna en fólk í einkageiranum

Rúmur helmingur landsmanna er ánægður með styttingu vinnuvikunnar. Mun fleiri eru ánægðir hjá hinu opinbera en á almenna markaðinum. Konur eru ánægðari en karlar. Þá segja rúm tuttugu prósent að stytting vinnuvikunnar hafi ekki verið innleidd á vinnustað þeirra.

adalheidur@frettabladid.is

KJARAMÁL Fimmtíu og þrjú prósent landsmanna eru ánægð með styttingu vinnuvikunnar á sínum vinnustað, samkvæmt könnun sem Prósent gerði fyrir Fréttablaðið. Nokkuð jafnt hlutfall er milli þeirra sem segjast mjög ánægð og þeirra sem segjast frekar ánægð.

Tæpt 21 prósent er hins vegar frekar eða mjög óánægð. Stytting vinnuvikunnar hefur ekki enn verið innleidd á vinnustöðum 21 prósent svarenda.

Athygli vekur að starfsmenn hins opinbera, það er ríkis og sveitarfélaga, eru mun ánægðari með styttingu vinnuvikunnar en starfsmenn á almennum vinnu- og markaði. Þannig segjast 64 prósent opinberra starfsmanna ánægð með styttingu vinnuvikunnar en aðeins 44 prósent starfsmanna á almennum vinnu- og markaði. Munurinn er sérstaklega mikill á þeim sem segjast mjög ánægð, 40 prósent opinberra starfsmanna samanborið við 19 prósent starfsmanna í einkageiranum.

Halldóra Sveinsdóttir hjá Starfsgreinasambandinu segir skýringuna á þessum mun vera þá að á almenna vinnu- og markaðinum þurfi að semja sérstaklega annars vegar um að vilja fara í styttingu og svo um styttinguna sjálfa. „Styttingin kemur ekki sjálfkrafa inn eins og hjá starfsfólki hins opinbera,“ segir Halldóra.

Ákvæði um styttingu vinnuvikunnar hafa tekið gildi hjá hinu opinbera; fyrst hjá dagvinnufólki um síðustu áramót um fjórar klukkustundir á viku og hjá vaktavinnufólki 1. maí síðastliðinn.

Misjafnlega hefur gengið að útfæra styttinguna meðal vaktavinnufólks og hafa nokkrar starfsstéttir lýst mikilli óánægju með útfærsluna.


Minnst eitt mál er nú rekið fyrir félagsdómi vegna ágreinings um neysluhlé sem lagt er til að verði dregið frá styttingunni fyrir vaktavinnufólki.



Opinberir starfsmenn standa sterkar en launafólk á almennum markaði þegar kemur að styttingu vinnuvikunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hefur stytting vinnuvikunnar verið innleidd á þínum vinnustað?



vinnufólk, með þeim afleiðingum að hin raunverulega stytting myndi aðeins nema rúmum klukkutíma en þrjár klukkutímar færðu í skilgreind neysluhlé. Halldóra segir styttingu vinnuvikunnar hafa ruglað marga í ríminu og að margir hafi haldið að hún kæmi sjálfkrafa inn.

„Það er eins og þetta sé aðeins að vakna núna á almenna markaðinum eftir að opinberi geirinn er komið með þetta,“ segir Halldóra og bætir við: „Við erum að fá meira af fyrirspurnum. Fólk sem vill fara að semja á sínum vinnustöðum og óskar eftir aðstoð okkar við það.“

Konur eru mun ánægðari með styttingu vinnuvikunnar en karlar en þær lýsa ánægju sinni í 62 prósentum tilvika meðan karlar segjast ánægðir í 45 prósentum tilvika.


Ánægja með styttingu vinnuvikunnar eykst jafnt og þétt eftir því sem menntunartími svarenda hækkar, fyrir utan þá sem mesta menntun hafa, framhaldspróf á háskólastigi, þar sem flestir svarenda taka ekki afstöðu eða svara hvorki né.

Lítill munur er á afstöðu fólks eftir launastigi, en þau sem lægstu launin hafa eru þó líklegust til að vera óánægð með útfærslu á sínum vinnustað.

Íbúar höfuðborgarsvæðisins eru einnig við ánægðari en íbúar á landsbyggðinni og gæti fjöldi starfa hjá hinu opinbera á höfuðborgarsvæðinu skýrt þann mun.

Könnunin var send á könnunarhóp Prósent og svartími var frá 15. til 23. júlí. Í hópnum voru 2.600 einstaklingar á Íslandi, átján ára og eldri, og voru svör þeirra vegin eftir kyni, aldri og búsetu. Svarhlutfall var 52 prósent. ■

Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með styttingu vinnuvikunnar á þínum vinnustað?



ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

RAM 3500

VERÐ FRÁ 7.421.210 KR. ÁN VSK.
9.202.300 KR. M/VSK.

BREYTINGAVERKSTÆÐI ÍSBAND,
SMÍÐSHÖFÐA 5, SÉRHÆFIR SIG Í
BREYTINGUM Á RAM PALLBIFREIÐUM.

BJÓÐUM UPP Á 37" - 40" BREYTINGAPAKKA

BILL Á MYND RAM 3500 LARAMIE SPORT MEGACAB MED 35" BREYTINGU



NÁTTÚRULEGA GOTT GRILLSUMAR

MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI

Langþráð sumar með samveru, gleði og góðum mat. Njótum daganna með því besta sem við eigum og grillum lambakjöt – náttúrulega.

Skoðaðu uppskriftirnar á islensklambakjot.is

Spretthlaupari frá Hvíta-Rússlandi fær hæli í Póllandi

thorgrimur@frettabladid.is

HVÍTA-RÚSSLAND Hvítrússneski Ólympíuspretthlauparinn Krystsina Tsimanouskaja hefur hlotið landvistarleyfi í Póllandi. Tsimanouskaja komst í kast við stjórnvöld í heimalandi sínu um mánaðamótin vegna gagnrýni sinnar á þjálfara hvítrússneska Ólympíuliðsins á samfélagsmiðlum. Ráðamenn í Hvíta-Rússlandi brugðust illa við gagnrýni

hennar og á sunnudaginn reyndu hvítrússneskir embættismenn að þvinga Tsimanouskaja um borð í flugvél til Hvíta-Rússlands frá flugvellinginum í Tókýó en hún neitaði að fara og biðlaði til japönsku lögreglunnar um vernd.

Eiginmaður Tsimanouskaja er flúinn frá Hvíta-Rússlandi og kominn til Kænugarðs. Sagðist hann í viðtali við Sky News áætla að hann muni fylgja eiginkonu sinni hvert sem



Krystsina Tsimanouskaja með hvítrússneska fánann í Napóli árið 2019.

hún ákveður að fara. „Ég bjóst ekki við því að ástandið yrði svona alvarlegt. Ég ákvað að hafa mig á brott án þess að hugsa mig tvisvar um.“

Pólski aðstoðarutanríkisráðherra Marcín Przydacz lýsti því yfir á Twitter-reikningi sínum í gær að Tsimanouskaja hefði hlotið landvistarleyfi í Póllandi af mannúdarástæðum. „Pólland mun gera hvað sem nauðsynleg er til að hjálpa henni að halda áfram með íþróttar-

feril sinn. Pólland stendur alltaf fyrir samstöðu.“

Atburðarásin þykir bera þess merki að stjórn Alexanders Lúkasjenkós, forseta Hvíta-Rússlands, sé farin að herða tókin hvarvetna í hvítrússnesku samfélagi, jafnvel í íþróttalífnum. Stjórnin hefur tekið hart á stjórnarandstæðingum og andósmönnum frá því að mótmæli hófust í kjölfar umdeilda forsetakosninga í fyrra. ■

Talibanar nálægt því að taka yfir héraðshöfuðborg

thorgrimur@frettabladid.is

AFGANISTAN Hart er nú barist um borgina Lashkar Gah í Helmand-héraði í suðurhluta Afganistans. Talibanar hafa setið um borgina undanfarna daga og óttast er að hún kunni að verða fyrsta héraðshöfuðborgin sem þeir hertaka í fimm ár.

Talibanar hafa hertekið mikið landflæmi í Afganistan frá því að Bandaríkjamenn og bandamenn þeirra hófu að draga burt herafila sinn frá landinu. Einnig er nú barist um borgina Kandahar, næststærstu borg landsins, og borgina Herat í vesturhluta Afganistans. Ef einhver þessara borga fellur í hendur talibana verður það reidarslag fyrir ríkisstjórn Ashrafs Ghani forseta. ■

Hæstiréttur Ísraels miðlar málum

thorgrimur@frettabladid.is

ÍSRAEL Hæstiréttur Ísraels hefur boðið fjórum palestínskum fjölskyldum sem voru reknar frá heimkynnum sínum í Austur-Jerúsalem sáttatillit. Ísraelskir dómstólar höfðu áður látið vísa Palestínunum frá heimilum sínum með þeim röksemdum að þau væru byggð á landi sem hefði tilheyrt Gyðingum fyrir stofnun Ísraelsríkis. Deilt hefur verið um jardeignina, sem er í hverfinu Sheikh Jarrah, í marga áratugi. Samkvæmt sáttatillitinu verður eignarréttur Ísraelsmanna á hverfinu viðurkenndur en Palestínunum boðið að búa þar áfram með „verndaðri lagastöðu“ og þeir látnir greiða árlegt leigugjald til Nahalat Shimon-félagsins, sem ísraelskir dómstólar hafa lýst réttmætan eiganda fasteignanna. ■

Fækkun í sýnatökum um helgina gefur ekki rétta mynd af fjölda smita

Sýnatökum vegna Covid-19 fækkaði talsvert yfir verslunarmannahelgina en fjölgaði á mánudag. Upplýsingafulltrúi almanna- og velferðarmálaráðs segir að þróunin í næstu viku komi til með að varpa ljósi á fjórðu bylgju faraldursins.

lovisaa@frettabladid.is
thorgrimur@frettabladid.is

COVID-19 Um þrjú þúsund manns höfðu skráð sig í skimun fyrir Covid-19 í gær, þegar Fréttablaðið náði tali af Óskari Reykdalssyni, forstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. „Þar af eru 1.700 skráðir í einkenasýnatöku og hinir að skrá sig í sóttkví. Það er kannski örlítið meira en hefur venjulega verið, en samt minna en var núna í síðustu viku á þessum tíma dags. Það hefur því ekki orðið nein holskefla eftir verslunarmannahelgi.“

„Staðan er sérstök fyrir þær sakir að við erum í verslunarmannahelgi og þá er kannski eðlilegt að það hafi verið færri sýnatökur heldur en í síðustu viku, en þó alveg mörg sýni,“ segir Hjördís Guðmundsdóttir, upplýsingafulltrúi almanna- og velferðarmálaráðs. „Það er stöðuna í kórónaveirufaraldrinum.“

„Maður hefur séð það á röðunum við Suðurlandsbrautina að fólk er að fara í sýnatöku, sem er jákvætt og við búumst við að í næstu viku muni bætast verulega í það. Tölurnar síðustu tvo daga eru kannski ekki alveg það sem við höldum að verði í næstu viku. Auðvitað vona allir hið besta en búast frekar við hinu versta. Það er þínu eðli okkar vinnu.“

Við allavega erum tilbúin í að í næstu viku verði fleiri smit heldur



Búist er við að raðirnar á Suðurlandsbrautinni eigi enn eftir í þessari viku.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

en hefur verið síðustu tvo daga, án þess að maður viti neitt.“

Hjördís telur að þróunin í næstu viku muni varpa frekara ljósi á það hverjir verði í áhættuhópum vegna Delta-afbrigðis kórónaveirunnar og gefa þannig skýrari mynd af þessari fjórðu bylgju Covid-faraldursins.

Óskar segir að venjulega fjölgi skráningum í skimun eftir helgar og að viðbúið hafi verið að fjölgun yrði mikil eftir frí- og hátíðardaga eins og verslunarmannahelgina. „En einmitt núna eru engin merki um neitt annað en það sem hefur verið. Fólk er mjög samviskusamt með að koma í skimun og við erum að vinna í að tryggja mönnum, sem er alltaf áskorun.“

Við erum aðeins að fjölga starfsfólki í næstu viku, sérstaklega í



Tölurnar síðustu tvo daga eru kannski ekki alveg það sem við höldum að verði í næstu viku.



Hjördís Guðmundsdóttir, upplýsingafulltrúi almanna- og velferðarmálaráðs.

sýnatökurnar á Suðurlandsbraut. Þegar fjöldi skráninga er orðinn svona dag eftir dag verðum við að bregðast við til að geta stýtt biðraðirnar og biðtímann í skimun.“

Í gær lágu fimmtán einstaklingar á Landspítalanum vegna alvarlegra veikinda af völdum Covid-19, flestir með lungnabólgu. Fimm þeirra höfðu verið lagðir inn sólarhringinn áður.

Runólfur Pálsson, yfirmaður Covid-göngudeildar spítalans, sagði um helgina að staðan á spítalanum væri tvisýn. „Ef horft er á þennan stóra hóp smitaðra þá er staðan önnur en í fyrri bylgjum því það voru engar bólusetningar. En þegar fjöldinn er svona mikill þá þarf ekki marga sem veikjast alvarlega til að hafa mikil áhrif á spítalan.“ ■

APÓTEK LYFSALANS



Glæsibaer



Vesturlandsvegur



Urðarhvarf

LYFSALINN GLÆSIBÆ
LYFSALINN VESTURLANDSVEGI
LYFSALINN URÐARHVARFI

Opið 8.30 - 18.00
Opið 9.00 - 22.00
Opið 9.00 - 17.30

Sími 517 5500 / glaesibaer@lyfsalinn.is
Sími 516 5500 / vesturlandsvegur@lyfsalinn.is
Sími 516 5505 / urdarhvarf@lyfsalinn.is

www.lyfsalinn.is

HUMAR TEMPURA TACOS

Orly-deig

- 300 g hveiti
- 1 ½ tsk lyftiduft
- 1 ½ tsk salt
- 330 ml Pilsner
- 2 stk egg
- 3 msk ólífuoía

1. Blandið öllum hráefnum saman í skál og pískið þar til jafningur hefur myndast, geymið í kæli á meðan annað er undirbúið en að minnsta kosti í 30 mínútur.

Hrásalat

- 200 g rauðkál, niðurskorið (fint)
- 2 msk kóriander, saxaður
- ½ rauðlaukur, niðurskorinn (fint)
- 100 g Hellmann's majónes
- ½ tsk salt
- 1 msk sykur

1. Blandið öllum hráefnum saman með sleif og geymið í kæli fram að notkun.

Humar fyrir orly-deig

- Um 700 g skelflettur humar (fæst í næsta stórmarkaði)
- Salt, pipar og hvítlauksduft
- Steikingarolía (um 700 ml)

1. Skolið og þerrið humarinn, kryddið með salti, pipar og hvítlauksdufti.
2. Setjið humarinn ofan í orly-deigið og veltið um með sleif þar til allir bitar eru hjúpaðir deigi.
3. Hitið steikingarolíuna vel, lækkið svo niður í meðalháan hita. Steikið um 10 humarbita í senn í u.þ.b. 2 mínútur, eða þar til þeir verða gylltir.
4. Notið götöttan spaða til að veiða bitana úr pottinum. Hristið olíuna vel af og leggið bitana á rakadrjúgan pappír svo umfram olía leki af og bitarnir haldist stökkir.

Samsetning og annað hráefni

Eftir að humarinn er klár er öllu raðað í vefjunar, gott er að bæta við Romain-salati, kóriander, avókadó og kreista örlitinn límónusafa yfir. Að lokum er sett vel af Hellmann's Creamy Chili sósu yfir til að toppa bragðið.

NÝTT

HELLMANN'S
EST. 1913

CREAMY
CHILI

SAUCE

DRIZZLE ON
BOWLS, BURGERS
& WRAPS

FINN DU STREETFOOD BRAGÐIÐ

Breytingar



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Sé einhverju að treysta í tilverunni er það breytingar. Dagurinn í dag verður annar en sá sem var í gær og hverjum degi fylgja nýjar áskoranir. Það sem áður var er ekki meir þó grundvallarþættirnir kunni að vera áþekkir. Sumum lætur illa að fást við breytingar og telja að í þeim felist ógn. Öðrum líður best í tilveru sífelldra breytinga og álíta að í þeim felist tækifæri.

Okkur sem lifum um þessar mundir finnst eins og aldrei fyrr í sögunni hafi breytingar verið stórtækari og örari. Ekki er víst að það standist nánari skoðun.

Leiða má að því rök að þeir sem fæddust á fyrri hluta síðustu aldar hafi gengið í gegnum meiri breytingar en nokkrar aðrar kynslóðir Íslendinga. Á þeirra tíð hefur bylting orðið í samgöngum, fjar-skriptum, hýbýlum, aðgengi að upplýsingum og svo mætti lengi telja.

Á þeirra tíð hefur byggð í landinu gerbreyst úr því að vera dreifbýlt land – til þess að Ísland er, að heita má, orðið borgriki. Á vef Hagstofunnar má sjá samantekt um búsetu fólks hér á landi. Þar sést að aðeins tíundi hver maður býr í sveitarfélögum með færri en 1.000 íbúa og sex prósent landsmanna búa í strjálbýli. Landsmenn voru ríflega 371 þúsund við lok annars ársfjórðungs á þessu ári. Af þeim bjuggu rúmlega 238 þúsund á höfuðborgarsvæðinu.

Íbúar í strjálbýli og byggðarkjörnum sem töldu færri en 50 íbúa voru rúmlega 32 þúsund um miðja síðustu öld. Þá bjuggu í landinu rúmlega 144 þúsund manns.

Það hafa því orðið stórfelldar breytingar á búsetu í landinu á þessum rúmlega 70 árum.

Afleiðingar þessa sjást vel á ferðum um landið. Víða má sjá yfirgefna bújarðir, sumar nýttar til heyskapar og beitar, aðrar ekki. Enn sjást þó glæsileg stórbýli með góðum tækjakosti. Það eru helst örreytiskotin sem hafa verið yfirgefin og komin eru í eyði.

Þessi breyting á búsetu fólks hefur ekki stöðvast. Áfram mun fækka í strjálbýli, áfram mun ungt fólk sækja í þéttbýli til að mennta sig eða leita tækifæra. Kostnaðarsamar samgöngubætur munu ekki breyta þeirri þróun að neinu marki, þó þær geri ef til vill sitt til að hægja á flóttu íbúa úr sveitum landsins.

Ísland er gjöfult land þó harðbýlt sé og náttúru-fergurðin óviðjafnanleg. Koma milljóna erlendra ferðamanna árlega er til vitnis um það, þó tímabundið straumrof hafi orðið í þeim efnunum. Víða má um landið sjá stórkostlega uppbyggingu gistipjónustu og umgerðar um náttúruperlur og veitingarekstur sem styður að allir hlutar landsins haldist í byggð.

En það gerir annars konar uppbyggingu líka. Austur á Héraði og í fjórðunum í kring er blómleg byggð. Hvað sem segja má um bein og óbein umhverfisáhrif frá álverinu í Reyðarfirði hefur það átt sinn þátt í hversu vel hefur tekist að varna brottflutningi fólks. Sömu sögu er að segja um Siglufjörð og þá fjölbreytni í atvinnulífi og uppbyggingu sem þar hefur átt sér stað undanfara áratugi.

Verkefni okkar sem þetta land byggjum er ekki að hindra breytingar heldur reyna að tryggja að þær verði til góðs. ■

■ Halldór



Áfram mun fækka í strjálbýli, áfram mun ungt fólk sækja í þéttbýli til að mennta sig eða leita tækifæra.

■ Frá degi til dags

Brekkusöngvar

Sósíalístaflakkurinn ætlar að toppa alla aðra flokka, á öllum tímum, í lofordum sem ættu að falla í kramið hjá almenningu. Bæði á að útrýma spillingu og óréttlæti á öllu landinu, svo kemur Gunnar Smári Egilsson sjálfur heim til þreyttra foreldra til að lesa Rauða kverið fyrir börnin á kvöldin. Um helgina var svo tilkynnt að ef laun flokksmanna verði ekki lækkuð muni þeir sinna samfélagsþjónustu til að bæta upp mismuninn. Fyrsta verkefnið var brekkusöngur Þórs Saari í Vestmannaeyjum. Streymið hjá Senu Live bílaði hins vegar, sem betur fer segja sumir. Við biðum spennst eftir Menningarnótt í höndum Birgittu Jónsdóttur.

Þumlastríð

Tómir Ólympíuleikar björguðu tómri verslunarmannahelgi fyrir marga. Sá fáheyrði atburður gerðist að Carl Baudenbacher, fyrrverandi aðaldómari EFTA-dómstólsins, gagnrýndi Pál Hreinsson, núverandi aðaldómara dómstólsins, harðlega fyrir aukastörf. Páll er að þjálfandi handboltalið Langtortistan á leikunum og hyggst krækja í aðra medalíu. Hefur forsætisráðuneytið gert út einn símsvarann til að segja Carli að allir keppendur á leikumun þurfi íslenskan þjálfara og við erum ekkert mjög mörg, sérstaklega í samanburði við fjölda keppenda og nýrra greina á borð við þumlastríð í millivigt. ■

Fjölmargir litir regnbogans



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
formaður borgar-ráðs og oddviti Viðreisnar í borgarstjórn.

Dagskrá hinsegin daga hefst í dag. Þó ekki verði haldin gleðiganga þetta árið, gefast tækifæri til að fagna fjölbreytileikanum og litrófi lífsins, bæði með skemmtun og fræðslu. Og ekki síst vitundarvakningu um að réttindabaráttu hinsegin fólks sé ekki lokið.

Við heyrum af hræðilegum mannréttindabrotum gegn hinsegin fólki í öðrum löndum og af skrefum til að afnema réttindi í Evrópulöndum. Slíkt minnir okkur á hversu hverful réttindi minnihlutahópa geta verið og mikilvægi þess að standa vörð um þau. Líka á Íslandi.

Fordómar lifa enn

Erum við að gera nóg til að verja sjálfsögd mannréttindi allra til að vera þau sjálf? Fordómarnir, sem búa líka á Íslandi, skerða aðgengi annarra að samfélaginu og stuðla að vanlíðan. Fordómarnir ýta undir misrétti og ósanngjarnara samfélag en við viljum búa í.

Gott samfélag grundvallast á því að allir fái í því þrífist. Í góðu samfélagi lærum við hvert af öðru og njótum fjölbreytileika þess. Samfélagið verður betra, þegar við fjölgum þeim sem eiga þar sjálfsögðan stað. Við sjáum þetta eiga sér stað með hverri bylgju kvennabaráttunnar, auðgunn innflytjenda á samfélaginu og með fjölgun lita regnbogabyltingarinnar.

Við getum gefið öðrum sjálfsögðan stað með því að gæta orða okkar. Nota ekki orð sem særa og ýta undir fordóma. Við þurfum líka að læra ný orð sem tengjast kynvitund og kynhneigðum, því tungumálið er samofnið sjálfsmyndinni. Með nýjum orðum finnur fleira fólk leiðir til að skilgreina sig sjálf og þær tilfinningar sem hafa alltaf verið til staðar, þó svo að orðin hafi ekki áður verið til.

Útilokun og fordómar skaða íslenskt samfélag. Reglulega þurfum við að horfa í kringum okkur og sjá hverjir það eru sem ekki fá að njóta sinna lita í regnboga samfélagsins. Hvað hið opinbera geti gert til að tryggja litadýrðina. Og berjast gegn þeim fordómum sem við finnum. ■

Erum við að gera nóg til að verja sjálfsögd mannréttindi allra til að vera þau sjálf?

MUNDU EFTIR GÖMLU GÓÐU AFMÆLISKRINGLUNNI - fyrir 25-30 manns

Þessa vöru þarf að sérpanta. S. 561 1433
Netfang: bjornsbakari@bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunnudaga	9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35

www.bjornsbakari.is

Samstaða hverra?



Halldór Auðar Svansson

Í 3. sæti á lista Pirata í Reykjavíkurlkjördæmi Suður í Alþingiskosningum í haust.

Ég held að við höfum öll verið að vonast eftir því að Covid yrði eiginlega búð að leysast fyrir þingkosningar. Það hefur í meginráttum verið haldið ágætlega á málum, sérstaklega í bólusetningum, þar sem teknar hafa verið skynsamlegar ákvarðanir um innkaup og skipulagið í kringum það að koma þeim í fólk hefur verið til fyrirmyndar. Ríkisstjórnin hefur líka vísitandi haldið allri ákvarðanatöku þétt að sér þannig að svigrúm til þess að eiga alvöru samtal um ákvarðanir hefur verið takmarkað. Það leiðir til þess að fólk hreinlega ákveður að treysta henni svo lengi sem hlutirnir virðast ganga vel.

Að það hafi þurft að bakka með afléttingar í ljósi útbreiðslu Delta-afbrigðis var þannig okkur öllum vonbrigði og áfall. Í slíku ástandi er fullkomlega eðlilegt að spurningar vakni um hvort fyrri ákvarðanir hafi verið réttar sem og um hvort eitthvað þurfi að endurskoða væntingar til framtíðar. Allir stjórnmálaflokkar eru eðlilega undir töluverðri pressu um að segja alla-vega eitthvað, láta í ljós einhvers konar afstöðu. Út frá þessu hafa sumir til dæmis áréttað þá afstöðu að betra sé að hafa öryggi í þéttum vörnum á landamærunum aðeins lengur og viðhalda þannig frelsi innanlands á meðan önnur lönd glíma enn við að bólusetja hjá sér. Þar hefur fyrst og fremst verið lögð áhersla á að viðhalda aðeins því sem ríkisstjórnin hefur nú þegar sjálf komið á við landamærin sem viðbragð við Delta-afbrigðinu. Í ljósi þess að tvisvar hefur verið reynt að slaka á við landamærin með þeim afleiðingum að bakka hefur þurft með frelsið bæði þar og innanlands hlýtur sú skoðun að vera að minnsta kosti umræðu verð.



Ríkisstjórnin hefur líka vísitandi haldið allri ákvarðanatöku þétt að sér þannig að svigrúm til þess að eiga alvöru samtal um ákvarðanir hefur verið takmarkað.

Miðað við grein sem birtist í Morgunblaðinu þann 29. júlí er hins vegar ekki svo að sjá að dómsmálaráðherra, sem hefur áður opinberlega áskilið sér fullan rétt til að vera gagnrýnin á eigin ákvarðanir í sóttvörnum, telji til efni til málefnalegrar umræðu um þessa leið. Nú skal áhersla lögð á að raska ekki samstöðu meðal þjóðarinnar og hræðsluáróðri er beitt til að vara við því að það sem andlitslaus stjórnarandstaða (engin nöfn eða flokkar eru nefnd) er að leggja til muni óhjákvæmilega leiða til stóráukins atvinnuleysis og tekjutaps samfélagsins. Eins og það að ríkisstjórnin neyðist til að

herða aðgerðir innanlands og það að Ísland fari af græna listanum vegna lausataka á landamærunum hafi bara engin áhrif á túrismann eða efnahag landsins. Stjórnarandstaðan er líka vænd um að þykja það bara ekkert tiltökumál að fara í harðar aðgerðir til frambúðar, eins og allir aðrir, en stjórnarflokkarnir séu sérstakt áhugafólk um frelsiskerðingar til lengri tíma.

Ég ætla bara að vera heidarlegur

með það að ég les þetta þannig að Sjálfstæðismenn áskilja sér fullan rétt til að gera og tala eins og þeim sýnist, gagnrýna jafnvel sínar eigin aðgerðir til að áréttu hvað þau séu nú í raun á móti frelsiskerðingum þegar allt kemur til alls – en að þau séu haldin algjöru óþoli gagnvart allri umræðu sem er utan við þeirra mengi. Tal þeirra um að gagnrýni sé mikilvæg og að það sé varasamt að þagga umræðu á aðeins við um

þau sjálf. Sú samstaða þjóðarinnar sem þau kalla eftir er samstaða í kringum Sjálfstæðisflokkinn.

Ef áhuginn væri hins vegar raunverulega á því að skapa og viðhalda samstöðu þá myndu stjórnarflokkarnir hreinlega ákveða að hleypa fleirum að ákvarðanatökuborðinu og stórbæta upplýsingagjöf um ákvarðanatöku sína og forsendur hennar – í stað þess að taka alltaf misupplýsta umræðu um sínar

eigin aðgerðir í fjölmiðlum og samfélagsmiðlum en pirrast yfir því að aðrir en þau vilji vera með í því samtali á sínum eigin forsendum.

Í núverandi stöðu er þetta það sem þingkosningar munu snúast fyrst og fremst um þegar kemur að sóttvörnum – trúverðugt plan um aðferðafræði. Skotagrafaskrif dómsmálaráðherra og ímyndarhönnun eru lélegt upplegg að slíku plani. ■

„Ég kem með gítarinn“

Brandenburg | SÍA



Komdu með í ferðalag!

Á ferðalag.is getur þú fundið allt það helsta um ævintýrin sem Ísland hefur upp á að bjóða.

ÍSLAND
**KOMDU
MEÐ**

Fótboltaáhorfendur í grunninn íhaldssamir

Nokkur unglingslið í Evrópu tóku þátt í æfingamóti á dögunum sem bar nafnið Framtíð fótboltans þar sem ýmsar hugmyndir sem hafa komið inn á borð FIFA voru prófaðar. Mótið var þó ekki á vegum FIFA.

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI „Ég hef unnið í ráðgjafarhópi hjá FIFA og heyrði það frá þeim að FIFA er ekki að reka á eftir þessu. Það er margt annað á könnunni, stórmót fram undan og heimsfaraldur í gangi og þess vegna er þetta ekki beint í forgangi,“ segir Þorlákur Árnason, fyrrverandi yfirmaður knattspyrnumála hjá Hong Kong sem vann áður sem yfirmaður hæfileikamótunar hjá KSÍ, spurður út í Future of Football Cup sem er nýlökkið.

Mótið var æfingamót unglingsliða nokkurra liða í Evrópu þar sem meðal annars var verið að prófa nýjar reglur innan vallar. Í fyrstu heyrðust fréttir um að Alþjóðaknattspyrnusambandið, FIFA, stæði að mótinu en spænska blaðið Mundo Deportivo, sem greindi fyrst frá mótinu, sagði síðar frá því að það væri haldið án aðkomu FIFA. Sumar breytingarnar á mótinu hafa áður verið prófaðar á unglingsmótum og aðrar verið ræddar af háttsettum aðilum innan knattspyrnunnar.

„Sumar af þessum hugmyndum hljóma áhugaverðar en það verður erfitt að fá slíkar breytingar í gegn. Þetta er vinsælasta íþróttagrein heims og fótboltaáhorfendur eru í grunninn íhaldssamir.“

Fyrr á þessu ári kom Florentino Perez, forseti Real Madrid, meðal annars inn á mikilvægi þess að aðlagja knattspyrnu nútímaáhorfendum þegar hann varði hugmyndina um Ofurdeildina með kjafti og klóm. Í viðtali við El Chillingito lýsti Perez því yfir að fólk á aldrinum 16-24 ára væri að missa áhugann á knattspyrnu. „Staðreyndin er sú að yngra fólk talar um að leikirnir séu of langir. Ef knattspyrna á að halda vinsældum sínum þarf að grípa til róttækra aðgerða,“ sagði Perez í viðtalinu.

„Forseti Real kom með þessa gagnrýni, að það þyrfti að breyta fótboltanum, og beitti með því utanaðkomandi pressu í pólitíkinni í alþjóðlegum fótbolta. Tölfræðin sýnir að ungt fólk horfir minna og það má alveg skoda hvað hægt er að gera til að bregðast við því en það er ekki hægt að ætlast til þess að öll lið séu með áherslu



Evrópska knattspyrnusambandið hefur fíkrað sig áfram í tilraunum til að herða refsingarnar við gulum spjöldum á mótum yngri landsliða. Meðal þess sem lagt hefur verið til er að leikmenn sitji af sér fimm mínútna refsítíma fyrir gult spjald og fái svo að hefja leik á ný.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Sumar af þessum hugmyndum hljóma áhugaverðar en það verður erfitt að fá slíkar breytingar í gegn. Þetta er vinsælasta íþróttagrein heims og fótboltaáhorfendur eru í grunninn íhaldssamir.



Þorlákur Árnason.

á að halda boltanum og sækja. Það er bæði sóknar- og varnarleikur í fótbolta,“ segir Þorlákur og heldur áfram:

„Umræðan um Ofurdeild hefur mestmegnis verið neikvæð og einsleit en þetta er þróun sem nær mörg ár aftur í tímann. Það er ákveðin hræsni í gagnrýninni því það er löngu búið að stíga þessi skref með því að tryggja stærstu liðunum og deildunum aðild að stærstu keppnunum.“

Um leið hefur Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal til 22 ára, talað fyrir breytingum á innkasti á grundvelli þess að hann telji að það sé liðinu sem er í vörn í hag þegar andstæðingurinn fær innkast. Því hefur hann lagt til að tekin verði upp innspörk.

„Það þyrfti góðan undirbúnings tíma ef þú ætlar að breyta innköstum í innspörk á efsta stigi knattspyrnunnar enda mörg lið komin með sérstaka þjálfara sem vinna í þessum hlutum. Fyrir þjálfarana er auðveldast að skipuleggja varnar-

leik og pressu gegn liði þegar andstæðingurinn tekur innkast. Þetta er breyting sem Arnar Þór Viðarsson [yfirmaður knattspyrnumála hjá KSÍ] innleiddi í yngstu flokkunum.“

Um leið er leiktíminn styttr niður í tvisvar sinnum þrjátíu mínútur og tíminn stöðvaður þegar boltinn er ekki í leik. Samkvæmt þessum hugmyndum fá þjálfarar ótakmarkaðar skiptingar.

„Umræðan um styttingu leiktímans hefur oft komið upp og að stöðva klukkuna þegar boltinn fer út af meikar sens. Í efstu deild í Portúgal er boltinn aðeins í leik 52 prósent tímans þar sem leikmenn eru góðir að teffa þegar þeir komast yfir en það þyrfti að skoða margar hliðar þegar kemur að þessu. Það er margt utanaðkomandi sem hefur áhrif.“

Það sama á við um frjálssar skiptingar. Það eru sífellt fleiri lönd farin að leyfa fimm skiptingar í heimsfaraldrinum sem eykur möguleika þjálfaranna. Um leið þyrfti

að gæta þess að þjálfarar fengu aðeins að stöðva leikinn ákveðið oft svo að það yrði ekki nýtt til að drepa leikinn. Það hefur verið leyft í unglingsmótum að stöðva leikinn fjórum sinnum vegna skiptinga. Þetta gæti orðið jákvæð breyting að mínu mati,“ segir Þorlákur.

Að lokum er refsingin við gulum spjöldum hert þar sem leikmenn þurfa að sitja af sér ákveðna tíma-refsingu líkt og þekktist í íshokki og handbolta. Þorlákur hefur unnið sem þjálfari með slíkar reglur og kveðst ekki hrifinn.

„Ég tók þátt í unglingsmóti þar sem þessi regla var tekin upp og ég var ekki hrifinn af þessari hugmynd. Það þarf stundum ekki mikið til þess að það sé rifið upp gult spjald, til dæmis öxl í öxl, og þá ertu skyndilega kominn út af. Það eru komin eflaust sjö ár síðan þetta var fyrst prófað og ef þetta hefði gengið vel væri eflaust búið að innleiða þetta. Þetta færir um leið aukna ábyrgð á dómara og er fyrir vikið erfitt í framkvæmd.“ ■

Mikið úrval af HVÍLDARSTÓLUM með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

NYFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Biles reynir að fullkomna verðlaunaskápin

kristinnpall@frettabladid.is

FIMLEIKAR Simone Biles, fimleikastjarnan frá Bandaríkjunum, tilkynnti í gær að hún myndi taka þátt í úrslitunum í jafnvægislá á Ólympíuleikunum í dag. Verður það eina keppnin sem Biles tekur þátt í á Ólympíuleikunum eftir að hún þurfti að hætta keppni eftir einungis eitt áhald í liðakeppni kvenna í áhaldafimleikum í síðustu viku.

Biles tilkynnti eftir að hafa dregið sig úr leik í liðakeppni kvenna í áhaldafimleikum að hún væri að glíma við andleg vandamál eftir að hafa talað um það í aðdraganda Ólympíuleikanna að sér fyndist allur heimurinn á herðum sér. Hún var skráð til leiks í fimm greinum en gaf ekki kost á sér í liðakeppni, gólfæfingum, stökki eða tvíslá. „Ég veit ekki hvort það er aldurinn. En ég er



Biles er handhafi gullverðlaunanna á jafnvægislá frá því á HM árið 2019.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

stressaðri núna þegar ég keppi í fimleikum. Ég líka ekki að skemmta mér jafn vel og gerði,“ sagði hin 24 ára gamla Biles á dögunum. Takist henni að landa gulli á jafnvægislá í dag verður hún handhafi gullverðlauna í öllum þeim fimm greinum fimleika sem keppt er á í kvennaflokki

á Ólympíuleikunum. Biles vann fern gullverðlaun á Ólympíuleikunum í Ríó árið 2016 en fékk bronsverðlaun á jafnvægislánni. Hún hefur unnið þrenn gullverðlaun á jafnvægislánni á HM í fimleikum, þar af síðast þegar keppt var á HM í fimleikum í Stuttgart fyrir tveimur árum. ■



**STOLTUR
STUÐNINGSADILI
ÞEIRRA SEM
ÆTLA AÐ TAKA ÞÁTT
Í REYKJAVÍKUR-
MARAFONI**



Merkisatburðir

- 1905** Bændur mótmæla lagningu ritsíma til Íslands með því að fjölmenna til Reykjavíkur. Þess í stað vilja þeir fá loftskýtasamband.
- 1936** Jesse Owens sigrar í hundrað metra spretthlaupi á Ólympíuleikunum í Berlín.
- 1958** Kjarnorkukafbáturinn USS Nautilus siglir fyrstur allra undir íshelli Norðurskautsins.
- 1969** Um tuttugu þúsund manns eru á Sumarhátíð í Húsafellsskógi – eða um tíundi hver Íslendingur.
- 1975** Karl Bretaprins kemur til Íslands til að renna fyrir lax í Hofsa í Vopnafirði.



- 1980** Hátíð er haldin á Hrafnseyri í Arnarfirði til að minnst þess að ein öld er liðin frá andláti Jóns Sigurðssonar.

- 1984** Ringo Starr, trommuleikari Bítlanna, kemur til Íslands sem heiðursgestur á útihátíð í Atlavík í Hallormsstaðarskógi.



Bjarni Harðarson telur Gunnar á Hlíðarenda ekki hafa snúið aftur vegna þess að honum hafi þótt hliðin svo fögur, heldur af orsökum sem hann lýsir í uppistandinu. **MYND/ELÍN GUNNLAUGSDÓTTIR**

Njála er bók um kynþáttaóeirðir

Bjarni Harðarson segir Gunnar á Hlíðarenda hafa verið írskan prins og ætlar að rökstyðja það á uppistandi í hellunum við Ægisíðu á Hellu í vikulokin.

gun@frettabladid.is

Hinn keltneski þráður í uppruna Íslendinga er Bjarna Harðarsyni bóksala hugstædur, eftir að hafa rýnt í Njálu – og ekki síður Landnámu. Rótina að ófriði og blóðhefndum sem þar koma við sögu telur hann vera þá að ólíkum kynþáttum hafi lostið saman. Þetta áformar hann að útskýra í uppistandi í hellunum við Hellu á föstudags- og laugardagskvöld, 6. og 7. ágúst, og segir þá rúmgóða svo þar ætti að vera hægt að halda fjarlægð milli fólks. „Þessir hellar tengjast sterkt hinni keltnesku byggð á Suðurlandi og ég vil vekja athygli á því að Njála er í raun bók um kynþáttaóeirðir. Því hefur siendurtekinn lestur minn á henni leitt mig að.“

Krosshefndir og rugl

Bjarni kveðst oft hafa velt fyrir sér hvers vegna stöðugt hafi verið reynt að etja ófriði við Gunnar á Hlíðarenda af litlu og jafnvel engu tilefni en í Landnámu komi skýringin fram – hann sé í beinan karllegg af írskri konungaætt en ekki norrænum eins og oft sé látið í vedri vaka. „Baugur, langafi Gunnars, sem Baugsstaðir í Flóa eru kenndir við, var írskur prins,“ útskýrir Bjarni.

„Þrír synir Baugs lenda í átökum við norræna menn. Allt byrjar með því að menn koma utan af Eyrum að ferjastað í Flóanum. Þetta eru tveir hópar, annars vegar frá Hlíðarenda í Fljótshlíð, sem var eitt flottasta býli héraðsins þá og lengi síðar, og hins vegar frá Bólstað, sem er inni á afrétti í dag. Þarna kemur frumeðli Íslendinga strax í ljós því þeir kunna ekki að standa í biðröð og báðir hóparnir ætla fyrstir yfir Þjórsá. Þarna heggur Steinn hinn snjalli frá Hlíðarenda Sigmund Sighvatsson frá Bólstað banahöggi. Steinn er af þessari írsku ætt en Sigmundur af norrænni.“

Eftir þetta segir Bjarni um krosshefndir að ræða, samkvæmt Landnámu. „Menn bregða á hina klassísku lausn þessa tíma að beinlínis fara hver að öðrum og drepa. Gunnar Baugsson, afi Gunnars á Hlíðarenda, var glæsmenni og eftir að hafa hefnt Steins, bróður síns, reið hann teinréttur heim á leið, íklæddur blárrí skikkju, uns hann hneig örendur niður. Þarna fór maður sem brá hvorki við sár né bana. Það er ekki hægt annað en hrifast þegar maður les þetta á öðrum bjór en allsgáðum blöskrar manni ruglið.“

Hjónabandsmál koma líka við sögu, að sögn Bjarna. „Þegar maður veit hversu súr sá jarðvegur var sem hjónaband foreldra Gunnars á Hlíðarenda spratt úr, fer maður að skilja betur togstreituna í lifi hans. Þó að minningu hans sé haldið á lofti sem norrænnar, þjartrar hetju og hann eigi vissulega

”

Þarna kemur frumeðli Íslendinga strax í ljós því þeir kunna ekki að standa í biðröð og báðir hóparnir ætla fyrstir yfir Þjórsá.

norrænar rætur þá er hann af húsi og kynþætti Kjarvals Írakonungs í karllegg.“

Fjölmenning frá byrjun

Bjarni segir upplifun að koma í hina fornu hella, sem hafi verið notaðir gegnum aldirnar og beri menjar frá ýmsum tímum. „Við getum ekki fullyrst að Keltar hafi búið akkúrat þarna. Hitt er ljóst að við Íslendingar erum ekki af einsleitum norrænum uppruna, heldur komu landnemarnir víða að og við erum í raun þúsund ára fjölmenningarsamfélag.“

Í framhaldinu segir Bjarni mér að hellar séu víða bæði í Rangárvalla- og Árnesýslu og einnig löng neðanjarðargöng frá náttúrunnar hendi. „Þannig held ég að hægt sé að fara ofan í helli á Þingvöllum og koma upp nærri Keflavíkurflugvelli – þá með gullsand í skónum!“ ■



†
Ástkær systir okkar,
mággona og frænka,
Elin Hjálmsdóttir
lést á Droplaugarstöðum
þriðjudaginn 20. júlí.
Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju,
miðvikudaginn 4. ágúst klukkan 15.
Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim
sem vilja minnst hennar er bent á Styrktarfélag
krabbameinssjúkra barna.
Guðbjörg Hjálmsdóttir
Guðrún María Hjálmsdóttir
Ólafína Hjálmsdóttir **Guðmundur H. Sigmundsson**
systkinabörn og fjölskyldur.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar ef óskað er

Sverrir Einarsson **www.utfarin.is** Jóhanna Eiríksdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Jón G. Bjarnason *útfararstjóri*



Guðmundur Baldvinsson *útfararstjóri*



Magnús Sævar Magnússon *útfararstjóri*



Sigurður Bjarni Jónsson *útfararstjóri*

Þetta gerðist: 3. ágúst 2003

Skref í réttlætisátt í sögu samkynhneigðra

Biskupakirkjan í Bandaríkjunum samþykkti í fyrsta sinn þennan mánaðardag árið 2003 að tilnefna mann til biskupsembættis sem lýst hafði því opinberlega yfir að hann væri samkynhneigður. Samþykkið kom frá nefnd sem í sátu bæði prestar og leikmenn.

Maðurinn var séra Gene Robinson sem sagði af þessu tilefni að hann væri þess fullviss að hann gæti betur þjón-

að samkynhneigðum innan kirkjunnar með því að vera almennt góður biskup – ekki bara samkynhneigður biskup. Hann var fráskilinn faðir tveggja barna og hafði á þessum tíma átt sambýlismann í fjórtán ár.

Robinson var svarinn í embætti í nóvember 2003 og tók við starfi í mars 2004. Allan tímamót heyrðust mótmælendur úr ýmsum áttum. ■





Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

ÞRIÐJUDAGUR 3. ágúst 2021



Það er gott að taka gelið beint úr laufum aloe vera og bera það á sól-brennda húð. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Aloe vera er góð gegn sólbruna

oddurfreyr@frettabladid.is

Eftir stærstu útivistarhelgi ársins eru líklega ófáir Íslendingar sól-brenndir, en þá getur aloe vera-plantan komið að miklu gagni.

Rannsóknir sýna að aloe vera hefur bólgueyðandi áhrif, róar húðina, örvar kollagenframleiðslu, gefur húðinni raka og dregur úr sársauka og roða. Því getur aloe vera getur bjargað fólki frá óþægindunum sem fylgja því að hafa brunnið og unnið gegn skaðlegum áhrifum brunans á ýmsa vegu.

Best beint af kúnni

Húðlæknar segja að það sé best að nota gelið bara beint úr plöntunni með því að opna lauf, kreista glært gelið innan úr því og setja það á sárin. En það er líka hægt að nota krem sem innihalda aloe vera og þá er best að finna vöru sem inniheldur 100% aloe vera. Það er líka best að nota krem sem eru ilmefnalaus, því slík efni geta ert sól-brennda húð.

Best er að setja gelið beint á sárið eftir svara sturtu eða bað og hylja það alveg. Með því að halda gelinu köldu er líka hægt að fá enn meiri kælingaráhrif, sem getur verið sérlega gagnlegt við sólbruna. Það er allt í lagi að bera á sig nokkrum sinnum yfir daginn, eftir þörfum, en þó í hófi. ■



Ragnhildur hefur starfað með Samtökunum '78 með hléum frá árinu 1979. Hún segir mikilvægt að hugsa um hvernig sé að eldast hinsegin. MYND/DAVID TERRAZAS

Eldra fólk vill ekki þurfa að hrökklast aftur inn í skápinn

Fyrsta gleðigangan í Reykjavík var haldin árið 2000 en núna eru Hinsegin dagar sex daga hátíð þar sem fjölbreytileika er fagnað. Þemað í ár er hinsegin á öllum aldri, til að minna á að hinsegin fólk dekkar allar kynslóðir. Hátíðin hefst í dag með fjölbreyttri dagskrá. **2**

TARAMAR



HEALING TREATMENT

Græðir brennda húð

www.taramar.is



Sandra Guðrún Guðmundsdóttir sandragudrun@frettabladid.is

Ragnhildur Sverrisdóttir situr í stjórn Hinsegin daga og tekur þátt í skipulagningu fjölbreyttrar fræðsludagskrár á Hinsegin dögum sem hefjast formlega í dag.

Ragnhildur kom fyrst inn í Samtökin '78 árið 1979, eða ári eftir stofnum þeirra, og var fyrsta konan sem settist í stjórn snemma á niunda áratugnum.

„Ég hef verið viðloðandi samtökin lengi en með löngum hléum þar til ég kom inn aftur til að starfa með Hinsegin kórnum og svo í framhaldi af því fór ég að starfa fyrir Hinsegin daga,“ segir Ragnhildur.

„Við áttuðum okkur á því þegar við vorum að undirbúa Hinsegin daga í ár að fólk sem er opinberlega hinsegin í dag dekkar allar kynslóðir. Þau sem stóðu að stofnun Samtakanna '78 á sínum tíma eru komin á ellilífeyrisaldur.“

Ragnhildur segir að Samtökin séu góður mælikvarði á þá þróun sem orðið hefur í málefnum hinsegin fólks á Íslandi á þeim 43 árum sem eru liðin frá stofnun þeirra. Upphaflega voru þau félag homma og lesbía á Íslandi en eru nú regnhlífarsamtök fjölbreyttra aðildarfélaga. Það eru félög eins og Trans Ísland, Intersex Ísland, ýmis landshlutafélög, félag aðstandenda og foreldra, Hinsegin kórin, BDSM á Íslandi og fleiri félög.

„Það hefur svo margt breyst hjá Samtökunum frá því þau voru stofnuð. Þau eru núna með frábært fræðslustarf og stuðning, lögfræðiráðgjöf og svo margt fleira. Hinsegin dagar eru eitt af aðildarfélögum. Við erum sjálfstætt starfandi félag undir þessari regnhlíf,“ segir hún.

Fjölbreyttari hópur en fyrr

Ragnhildur segir að í dag séum við komin á þann stað að hinsegin fólk er orðið miklu fjölbreyttari hópur en nokkru sinni fyrr og á öllum aldri.

„Þess vegna ákváðum við að þema Hinsegin daga í ár yrði hinsegin á öllum aldri. Það er komin félagsmiðstöð fyrir 13-17 ára hinsegin ungmenni en við þurfum líka að þæla í því hvernig það er að eldast hinsegin,“ segir hún.

Ragnhildur tekur sem dæmi að á hjúkrunarheimilum í dag blasi við sá nýi veruleiki að fólk er að koma þar inn sem hefur verið opið með sína kynhneigð og út úr skápnunum stóran hluta lífs síns.

„Þetta fólk hefur ekki verið í felum með hver þau eru og vill halda því áfram. Það vill ekki fara inn í skápinn af því það er komið á hjúkrunarheimili,“ segir hún.

„Kona hér á Íslandi sagði frá því í viðtali að þegar hún fór inn á hjúkrunarheimili þá upplifði hún það þannig að það væri ekki tekið tillit til hennar reynslu og hennar löngu sambúðar með konu. Hún var einhvern veginn komin inn í skápinn aftur því það var hreinlega ekki gert ráð fyrir að hún væri lesbísk. Það er alltaf gengið út frá því alveg frá leikskóla og upp úr að foreldrar þínir séu karl og kona, að maki þinn sé af hinu kyninu. Öll eyðublöð miða við þetta heterónormatifa. Alltaf, öll!“

Ragnhildur segir að þetta sé mjög lýjandi svo vægt sé til orða tekið.

„Í stærri samfélögum eins og í Danmörku, þar eru rekin sérstök hjúkrunarheimili og elliheimili fyrir hinsegin fólk. Sá hópur sem er elstur núna hefur oft þurft að fara mjög erfiða leið til að fá frelsi. Ég sá til dæmis viðtal við gamlan Dana fyrir nokkrum árum. Hann hafði bara stungið myndunum af sér og manningnum sínum niður í skúffu. Honum fannst erfitt að þurfa að koma út úr skápnunum aftur



Myndin var valin fyrir tímarit hinsegin daga í ár. Hún lýsir vel kynslóðabem-
anu. Hinsegin á öllum aldri.

MYND/CATHERINE SOFFÍA GUÐNA-DÓTTIR



Ragnhildur Sverrisdóttir er í stjórn Hinsegin daga og hefur komið að skipulagi fjölbreyttrar fræðsludagskrár á hátíðinni.

En ég held að þetta fari batnandi einmitt út af sýnileikanum. Af því þú getur fundið einhverjar fyrirmyndir, þú sérð að líf þitt er möguleiki en ekki bannað og í laumi.

gagnvart öllu starfsfólkinu á þessu nýja heimili sínu, svo hann bara hrókklaðist inn í skápinn aftur. Svo var stofnað þetta nýja hjúkrunarheimili, hann flutti þangað og er með allar sínar fjölskyldu-myndir og regnbogafána upp um alla veggi, alls staðar. Þetta skiptir máli, það skiptir máli að fá að hvíla sæll í sjálfum sér, sama hvar þér er holað niður,“ segir hún.

Sögur þriggja kynslóða

Í takt við þemað að hinsegin fólk sé á öllum aldri er viðburður í Máli og menningu í dag klukkan 17 sem heitir Samtal kynslóða. Þar munu þrjár einstaklingar af þremur kynslóðum segja frá sjálfum sér frá tvítugu og leiðinni þangað sem þau eru í dag.

„Yngsti fulltrúinn heitir Mars M. Proppé. Hún er 23 ára svo það er ekki langt síðan hún var tvítugt. Háns reynsluheimur er allt annar

Ástandið er ansi viðkvæmt ennþá. Við höfum áhyggjur af því að ef það er ekki búið að lögfesta öll réttindi þá verði auðveldara að víkja frá þeim. Ef við eigum bara að stóla á velvild samborgaranna þá getur sú stemning breyst hratt.

en Hilmars Hildar Magnússonar sem er 45 ára. Hann var formaður Samtakanna '78 um tíma og þekkir réttindabaráttuna frá ýmsum hliðum. Elst í hópnum er svo rokkamman Andrea Jóns, sem er komin yfir sjötugt. Þannig að við erum óumdeilanlega með þrjár kynslóðir sem setjast niður og deila reynslu sinni. Ég held að það verði mjög áhugavert að hlusta á þau. Þau dekkja eiginlega allan þann tíma sem það hefur verið einhver sýnileiki hinsegin fólks á Íslandi,“ segir Ragnhildur.

„Ég hef átt hlut í skipulagningu fræðslu á Hinsegin dögum og ætla að vera umræðustjóri á þessum viðburði en þetta á bara að vera afslappað spjall með fólki úr sal,“ útskýrir hún.

Það verða ýmsir fleiri fræðsluviðburðir á Hinsegin dögum en Ragnhildur segir að reynt verði að streyma sem allra flestum. Hægt er að sjá alla viðburðina á hinsegin-dagar.is.

Viða bakslag

„Opnunarfræðsluviðburðurinn okkar er í hádeginu á þriðjudaginn [í dag]. Þá mun Aron-Winston Le Fevre, mannréttindafulltrúi Copenhagen Pride, tala um ástandið í Evrópu. En Þorbjörg Þorvaldsdóttir, formaður Samtakanna '78, ræðir við hann. Hann hefur flakkað um alla Evrópu og þekkir vel ástandið þar,“ segir Ragnhildur.

Hún bætir við að víða í Evrópu hafi orðið bakslag í málefnum hinsegin fólks. Til dæmis sé mjög sterk andstaða gegn transfólki í Bretlandi og á Spáni hafa nýlega verið hatursglæpir gegn hinsegin fólki, svo ekki sé talað um ástandið í Póllandi og Ungverjalandi.


„Ástandið er ansi viðkvæmt ennþá. Við höfum áhyggjur af því að ef það er ekki búið að lögfesta öll réttindi þá verði auðveldara að víkja frá þeim. Ef við eigum bara að stóla á velvild samborgaranna þá getur sú stemning breyst hratt. Mér finnst stundum svoltið grunnt á fordómum. Maður heyrir stundum raddir eins og: Af hverju hættið þið ekki þessum látum? Af hverju hættið þið ekki þessari gleðigöngu? Þetta er allt í höfn! En það er mjög hættulegt, það er engin ástæða til að hætta sýnileika og fara að taka skref aftur á bak,“ segir Ragnhildur.

„Ég ætla ekki að segja þér hvað ég hef heyrt í mörgu ungu fólki sem segir hvað það var mikilvægt fyrir það að fara niður í bæ og fylgjast með göngunni og sjá sitt fólk. Það er nokkurn veginn samhljómur hjá öllum hinsegin krökkum að þau upplifa sig ein og eiga erfitt með að fóta sig í veruleika sem þau eiga erfitt með að átta sig á. En ég held að þetta fari batnandi einmitt út af sýnileikanum. Af því þú getur fundið einhverjar fyrirmyndir, þú sérð að líf þitt er möguleiki en ekki bannað og í laumi. Hann skiptir bara öllu máli, þessi sýnileiki.“ ■

Fasteignablaðið

31. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 3. ágúst 2021

FASTEIGNIR. FRETABLADID.IS



LANDMARK FASTEIGNAMIÐLUN



Hlíðasmára 2
201 Kópavogi
Sími: 512 4900
www.landmark.is
landmark@landmark.is



ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM?
Við erum til þjónustu reiðubún

-örugg fasteignaviðskipti



Elín Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali



Björn Þorri Viktorsson hrl.
Löggiltur fasteigna- og skipasali



Sólveig Fríða Guðrúnardóttir
Löggiltur fasteignasali og
lögfræðingur

MIDBORG FASTEIGNASALA - SUNDAGARÐAR 2 - 104 REYKJAVÍK - SÍMI: 533 4800

www.midborg.is

job

Finum draumastarfið saman



Erum við
að leita að þér?



Íbúðin er með stórum svölum og glæsilegu útsýni.

Stórglæsileg þakíbúð í Garðabæ

Fasteignasalan TORG kynnir:
Stórglæsileg PENTHOUSE íbúð, arkitektateiknuð og hönnuð af Rut Kára. Íbúðin er 152,2 fm að stærð með 68 fm þaksvölum og tveimur bílastæðum í bílakjallara. Glæsilegt útsýni er úr íbúðinni og af þaksvölum.

Íbúðin er á efstu hæð í 6 hæða fjölbýlishúsi með lyftu í þessari vinsælu götu í Sjólandinu, Garðabæ. Íbúðin sjálf skiptist í anddyri, gestasalerni, 2 svefnherbergi, rúmgott baðherbergi með sturtu og baðkari, þvottaherbergi og aðalrými með stofu, borðstofu og eldhús ásamt útgengi á þaksvölum. Alls er íbúðin skráð 152,2 fm, þar af eru 10,4 fm geymsla í sameign.

Tvö stæði í bílageymslu fylgja eigninni og svo 68,3 fm þaksvölum. Komið er inn í anddyri með flisum á gólfi. Til vinstri liggur leið að aðalrými íbúðar, þar sem parket er á mestallri íbúðinni en í eldhúsi eru flísar.

Gestasalerni og þvottaherbergi eru inn af anddyri. Til hægri er svefnherbergisgangur, baðherbergi og 2 svefnherbergi, frá hjónaherbergi er opin gangur inn í fatageymslu og inn á aðal-baðherbergi.

Svefnherbergi: Gott barnaherbergi með góðum skápum. Mjög fallett og skemmtilegt hjónaherbergi, inn af því er fataherbergi, og baðherbergi.

Baðherbergi er flíslagt á gólfi með hvítum flisum. Baðkar, sturtuklefi og góð hvítlökkuð innrétting með 2 vöskum og speglaskápum. Fallett parketviður fyrir ofan baðkar.

Þvottaherbergi með flisum á gólfi, góðri innréttingu og tengi fyrir þvottavél og þurrkara.

Stofa og borðstofa: Stór, björt og opin stofa/borðstofa. Fallett útsýni yfir hafið frá stofu þar sem mikill fjöldi glugga lýsir íbúðina upp.

Eldhúsið er með falletta hvít-


lakkada innréttingu með veglegri eyju, SIEMENS eldhústækjum, rými fyrir innfellda uppþvottavél og rými fyrir tvöfaldan ísskáp, útgangur út á sirka 68,3 fm þaksvölum frá eldhúsi.

Gestasalerni með fallettri innréttingu með vaski og hillum. Góður gluggi með opnanlegu fagi.

Bílskúr og sameign: 2 bílastæði fylgja eigninni í bilageymslu. Geymsla í sameign, um 10,4 fm, fylgir íbúðinni en einnig hjóla- og vagnageymslu í sameign. Anddyri, lyftuhús og stigagangur er allt mjög snyrtilegt. Húseignin er einangruð og klædd að utan og veggir á þaksvölum eru viðarklæddir.

Stutt er í alla almenna þjónustu í miðbæ Garðabæjar sem og í leik- og grunnskóla.

Allar nánari upplýsingar veitir Sigurður Gunnlaugsson fasteignasali í GSM: 898-6106 eða sigurdur@fstorg.is



heimili
fasteignasala
á traustum grunni

Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is



Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá.

Skodum og metum samdægurs. Sanngjörn sölupóknun.



**FASTEIGNA
MARKAÐURINN ehf.**

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Elín D. Guðmundsdóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Úlfar Freyr Jóhannsson
hdl og lögg.
fasteignasali
ulfar@fastmark.is



Sigríður Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is



Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður
fasteignasala
gisli@fastmark.is



Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR

intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is



OPIÐ HÚS
fimmtudaginn 5. ágúst
milli kl. 17.00 - 18.00

Hverfisgata 92 101 Reykjavík

Glæsileg nýbygging í hjarta miðborgarinnar með 24 vönduðum íbúðum þar sem lagt hefur verið mikið upp úr hönnun og frágangi.

Allar íbúðir eru með gólfhita, innfelldri lýsingu, tilbúna fyrir snjallíbúðarkerfi, vönduðum innréttingum, gólfefnum og tækjum og borðplötum úr kvartsteini. Snjallbox fyrir heimsendingar er staðsett í anddyri.

Gamli stíllinn sem einkennir miðbæinn hefur fengið að halda sér í bland við nútímalegar byggingar sem falla vel að heildarmynd miðborgarinnar.

- Stærðir íbúða eru frá **69,7 m² - 146,4 m²**
- Gólfhiti í öllum íbúðum
- Mikil sameign og margar íbúðir sérstæðar og liggja ekki að öðrum íbúðum
- Flestir **gluggar gólfsíðir**
- Möguleiki á **snjallíbúð** m.a. mögulegt að tengja gólfhita við kerfið sem og lýsingu
- Glæsileg **þakíbúð** og aukin lofthæð á efstu hæðum
- Fallegur **inngarður**
- **Vandaðar** innréttingar og tæki
- Íbúðirnar **skilast fullbúnar** með gólfefnum
- Afhendist í **ágúst 2021**

verð frá **64,9 millj.**



Hafið samband og ráðfærið ykkur við sölumenn okkar!



Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is



Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is



Friðrik Þ. Stefánsson
hdl og aðst. fasteignas.
Sími: 616 1313
fridrik@miklaborg.is



Elín Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090
elin@miklaborg.is



Barbara R. Bergþórs
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339
barbara@miklaborg.is

MIKLABORG | Með þér alla leið

Óskar R. Harðarson og
Jón Guðmundsson,
löggiltir fasteignasalar

miklaborg.is

BÚSETURÉTTIR TIL SÖLU

Reykjavík: Miðbær, Vesturbær, Grafarvogur, Grafarholt, Mjódd.
Mosfellsbær, Kópavogur og Hafnarfjörður.



BÚSETI

KEILUGRANDI 1 · 107 RVK.



34,5
ferm.
1
herb.
102
íbúð nr.

Búseturéttur: 5.278.083 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 122.124 kr.
Mögulegt lán: 2.639.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Samkomulag.

EINHOLT 6 · 105 RVK.



45,4
ferm.
1
herb.
101
íbúð nr.

Búseturéttur: 6.336.554 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 147.038 kr.
Mögulegt lán: 3.168.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Byrjun okt.

BREIÐAVÍK 9 · 112 RVK.



67,8
ferm.
2ja
herb.
302
íbúð nr.

Búseturéttur: 3.133.410 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 156.066 kr.
Mögulegt lán: 750.000.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Seinnip. nóv.

ÁRSKÓGAR 5 · 109 RVK.



97
ferm.
3ja
herb.
201
íbúð nr.

Búseturéttur: 9.956.138 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 220.482 kr.
Mögulegt lán: 4.978.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

ÁRSKÓGAR 5 · 109 RVK.



93,6
ferm.
3ja
herb.
106
íbúð nr.

Búseturéttur: 10.601.505 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 228.940 kr.
Mögulegt lán: 5.300.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Samkomulag.

ÁRSKÓGAR 5 · 109 RVK.



92,7
ferm.
3ja
herb.
406
íbúð nr.

Búseturéttur: 10.717.158 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 230.625 kr.
Mögulegt lán: 5.358.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

ENGJAHLÍÐ 3A · 221 HFJ.



75,5
ferm.
3ja
herb.
202
íbúð nr.

Búseturéttur: 4.419.450 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 165.940 kr.
Mögulegt lán: 900.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Samkomulag.


LAUFENGI 5 · 112 RVK.



83,8
ferm.
3ja
herb.
304
íbúð nr.

Búseturéttur: 5.099.575 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 174.109 kr.
Mögulegt lán: 1.000.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Samkomulag.

ÞVERHOLT 15 · 270 MOS.



100,2
ferm.
3-4ra
herb.
303
íbúð nr.

Búseturéttur: 5.808.075 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 214.539 kr.
Mögulegt lán: 1.500.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Seinnip. sept.

KRISTNIBRAUT 61 · 113 RVK.



98,3
ferm.
4ra
herb.
402
íbúð nr.

Búseturéttur: 6.165.495 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 212.646 kr.
Mögulegt lán: 1.550.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Í október.

BÆJARHOLT 7 · 220 HFJ.



129,9
ferm.
4ra
herb.
1
íbúð nr.

Búseturéttur: 6.219.675 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 243.043 kr.
Mögulegt lán: 2.000.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Byrjun sept.

BEIMABARYGGJA 42 · 110 RVK.



95,8
ferm.
4ra
herb.
302
íbúð nr.

Búseturéttur: 9.380.000 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 221.609 kr.
Mögulegt lán: 4.690.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: 30. sept.


ÍSLEIFSGATA 34 · 113 RVK.



145,8
ferm.
5
herb.
101
íbúð nr.

Búseturéttur: 12.037.286 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 259.739 kr.
Mögulegt lán: 3.611.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Okt/nóv.

AUSTURKÓR 90 · 203 KÓP.



137,8
ferm.
5
herb.
302
íbúð nr.

Búseturéttur: 9.552.494 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 245.493 kr.
Mögulegt lán: 3.000.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Byrjun sept.

ÞVERHOLT 17 · 105 RVK.



69,3
ferm.
2ja
herb.
304
íbúð nr.

Búseturéttur: 8.505.922 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 189.288 kr.
Mögulegt lán: 4.252.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

SKÓGARVEGUR 16 · 103 RVK.



66,7
ferm.
2ja
herb.
204
íbúð nr.

Búseturéttur: 8.396.274 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 191.843 kr.
Mögulegt lán: 4.198.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Í október.

ÁVINNINGUR

- Örugg búseta
- Minni fjárbinding
- Réttur til vaxtabóta
- Lægri kaup- og sölukostnaður
- Búseti sér um ytra viðhald

INNIFALIÐ Í BÚSETUGJALDI

Fjármagnskostnaður,
skyldutryggingar, hiti,
fasteignagjöld, hússjóður,
þjónustugjald og framlag
í viðhaldssjóð.

ÁÐUR AUGLÝSTAR ÍBÚÐIR

Fyrsta umsækjenda gefst kostur
á að ganga frá kaupum óháð
félagsnúmeri. Ef ekki berst
hámarkstilboð hefur seljandi
rétt til að gera gagntilboð eða
hafna tilboðinu.

NÝTT Í SÖLU

Umsóknarfrestur: Til 11. ágúst. kl. 16.
Rafræn úthlutun: 12. ágúst. kl. 12.
Umsækjendum er ráðað í röð þar sem
hæstbjóðandi er efstur. Þegar um
sömu tilboðsfjárhæð er að ræða er
farið eftir félagsnúmeri.

BÚSETI ER STOLTUR
AÐILI AÐ:

Festa
miðstöð um
samfélagsábyrgð

**GRÆNNI
BYGGÐ**

HAFÐU SAMBAND

WWW.BUSETI.IS
buseti@buseti.is
Sími: 556 1000



433.is
ÞRIÐJUDAGA KL. 20.00

Hörður Snævar Jónsson, ritstjóri 433.is, fer yfir það helsta í fótboltaheiminum með aðstoð helstu sparksérfræðinga landsins.

Þátturinn er sýndur samtímis á Hringbraut og 433.is



Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

» Ráðningarþjónusta

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ **Vinnusparnaður**

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ **Markviss leit**

Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ **Þriggja mánaða ábyrgð**

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ **Ekkert staðfestingargjald**

Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavinum okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

■ **Fjöldi hæfra umsækjenda**

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**

Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

■ **Reynsla og þekking**

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ **Sanngjarnt verð**

Þjódum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is




HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA



GRANÍT STEINAR

Helluhrauni 2 - 220 Hafnarfjörður - granitsteinar@granitsteinar.is - sími: 5445100



Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



Nýr 2021 Mitsubishi Outlander Hybrid Spirit + Tíglamynstruð leður á sætum. 18" álfelgur. 5 ára evrópsk verksmiðjuábyrgð. Verð 5.990.000,-

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Garðyrkja

SLÁTTUVÉLAVIÐGERÐIR & SMÁVÉLAVIÐGERÐIR



Aratuga reynsla í viðgerðum á smávélum
SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTA
Vélaverkstæði JS
Sími: 554 0661

Bókhald

*Accountant
Accountant ehf.
Laugavegi 178,
105 Reykjavík
S. 490-0095
info@accountant.is
www.accountant.is

Málarar

MÁLARAR.

Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málningarvinnu. Sanngjarnt verð. S. 696 2748 og 782 4540 / loggildurmalari@gmail.com

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskripti, myndsimar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Lögiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllum almennu viðhaldi fasteigna.

Aratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

LOFTSTOKKAHREINSUNIN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

HÚSA - VIÐGERÐIR

NYSMÍÐI-VIÐGERÐIR-VIÐHALD AÐ UTAN SEM INNAN

- STEYPU/MÚRVIÐGERÐIR
- KLÆÐNINGAR : ÞOK /VEGGI
- GLUGGAR/GLER
- INNRETTINGAR OG FL.

ÖRUGG OG FAGLEG ÞJÓNUSTA 30 ÁRA REYNSLA

TILBOÐ - TÍMAVINNA

UPPL. S : 8583300
serfagohfg@gmail.com

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjórnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálpar. Trúnaður.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

Tilkynningar

Tilkynningar

HLUTIR Í ORF LÍFTÆKNI

Allt að 250.000 hlutir í ORF Líftækni hf. eru til sölu. Áhugasamir eru beðnir um að senda tölvupóst til: hlutabrefor@gmail.com Fullum trúnaði heitið.

Ábendingahnappinn má finna á

BARNAHEILL.IS



SAFT

Tilboð 59.990 kr
(var 65.373 kr)

**BÆTIR LOFTGÆÐI
JAFNAR HITASTIG**

Loftviftur

Tilboð 24.990 kr
(var 27.367 kr)

Cyclone 132 cm

Gott loft er gríðarlega mikilvægt, í vinnunni, heima hjá okkur og í skólastofum. Rannsóknir hafa sýnt að léleg loftgæði eykur líkur á sýkingum, veikindum og hefur áhrif á heilsu okkar. Gott inniloft skiptir máli.

Risaviftur

Fyrir stór rými eða mikla lofthæð

Tilboð 54.990 kr
(var 59.870 kr)

Tilboð 21.990 kr
(var 23.075 kr)

Jet 1 - 105 cm

ÚTSALA LOFTVIFTUR! LOKADAGAR.

ishúsið

viftur.is
-andaðu léttar

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur



Fréttumfjöllun fyrir alla


kl. 18.30 á virkum dögum

Fjölbreytt fréttumfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólkið í landinu. Úrvalslíð fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti að ræða helstu mál líðandi stundar. Þátturinn er sýndur á Hringbraut og frettabladid.is



HRINGBRAUT

Veðurspá Þriðjudagur



Hæg suðlæg eða breytileg átt og skúrir NA-til, en lítills háttar væta af og til annars staðar. Hiti 8 til 16 stig. ■

Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik



Krossgáta

LÁRÉTT

- 1 velja
- 5 umstang
- 6 átt
- 8 fyrirlestur
- 10 rómversk tala
- 11 máleining
- 12 spilda
- 13 hnarreist
- 15 reiknirit
- 17 gúbba

LÓÐRÉTT

- 1 kvarta
- 2 titill
- 3 mynni
- 4 samtíða
- 7 snerting
- 9 dálitlu
- 12 etja
- 14 hjartardýr
- 16 íþróttafélag

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 kjósa, 5 vas, 6 nv, 8 einndi, 10 líl, 11 orð, 12 skák, 13 keik, 15 algírím, 17 gaura.
LÓÐRÉTT: 1 kvarta, 2 jarl, 3 ósl, 4 andrá, 7 við-
koma, 9 nokkrur, 12 síga, 14 eilg, 16 tr.

Todorovic átti leik gegn Ostermann í Pula árið 1988.

1...Rxc3! 2. Kxg3 Hg6+ 3. Kf2 Be3+ 4. Rxe3 (4. Kf1 Dh5! 5. Rf2 Dxh1+! 6. Rxh1 Hg1#.)
4...dxe3+ 5. Kf1 Dg5 0-1. Undanúrslit Heimsbikarmótsins í skák hefjast í dag.

www.skak.is: Nýjustu skákfréttir. ■

Sudoku

	3		4	7		1		
9		5	1	2			6	7
		7		5		2		
2		8			4	1	7	3
3		9						5
	1					9	8	
4				3	8			
	9		7					
	8	1			2			

		1				6		
	4				9	5	1	3
8			4			7		9
	5		3					
			8		2			
				6	1			
	6			2		3	5	7
		4						
3	9							8

Þrautinn felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



FRÉTTABLAÐIÐ 20 ÁRA

NÁÐU TIL FJÖLDANS!

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins.* Á höfuðborgarsvæðinu, þar sem Fréttablaðinu er dreift í heimahús, eru yfirburðirnir ótvíræðir. Hafðu samband og við aðstoðum þitt fyrirtæki við að ná til fjöldans.

Sími: 550 5050 – soludeild@frettabladid.is

44%

18-80 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*

49%

35-65 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*

68%

55-80 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*





9 líf

Bubbi Morthens
Söngleikur

Aukasýningar komnar í sölu

Aukasýningar á söngleiknum
Níu líf eru loksins komnar í sölu.
Yfir 16.000 seldir miðar. Tryggðu
þér sæti á ógleymanlega upplifun.
Sjáumst í leikhúsinu!

Nokkurs konar vorljóð



Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb @frettabladid.is

Textillistakonan Helga Pálína Brynjólfssdóttir sýnir verk sín á sýningunni Tengingar í Pálshúsi, Strandgötu, Ólafsfirði. Sýningin stendur til 10. september.

„Á sýningunni eru lítil verk sem eru unnin í móberg, vafðir trékubbar og nokkur lítil þrykk,“ segir Helga Pálína. „Ég bora í gegnum móberg, sem ég finn aðallega við Kleifarvatn. Móberg er mjúkt en líka viðkvæmt og form og áferð þess kallar á mig. Ég vinn ofan í þetta form, bora gat í gegnum steininn og sauma síðan með silki eða hörþræði. Trékubbarnir á sýningunni eru afsag af pallaefni sem ég fann við sumarbústað hjá vinum mínum.“

Mörg þessara verka vísa í vorið þegar náttúran byrjar að grænka og lífbrýst út, eins og þegar blóm koma upp úr grámanum á milli gangstéttarhellna. Fyrir mér eru þessi smáverk nokkurs konar vorljóð. Þau eru líka eins konar formstúdíur og þar skipta litir mig miklu máli.“

Helga Pálína tengist Pálshúsi sem er safn, menningar- og fræðslusetur við Strandgötu í Ólafsfirði. „Þetta er gamalt hús sem nú er uppgert og þarna er fuglasýning, byggðarlags-sýning og sýningarsalur. Ég tengist húsinu á þann hátt að pabbi minn var alinn þarna upp og var með símsstöð og síðar bókaúð í plássinu sem ég sýni nú í. Seinna flutti ég í húsið við hliðina.“

Það eru um tuttugu ár síðan Helga Pálína byrjaði að vinna með grjót. „Fólk hvár yfir þessu hráefni og vinnunni, það virðist ekki hafa séð neitt þessu líkt áður,“ segir Helga Pálína. Hún hefur einnig unnið að



Mörg þessara verka vísa í vorið, segir Helga Pálína.

FRÉTTABLAÐIÐ/ ÖTTAR



Helga Pálína borar í gegnum móverk og saumar í það. MYND/ADSEND




Hluti verkanna sem eru til sýnis á Ólafsfirði.

margvíslegum textilverkum og bókverkum og tekið þátt í fjölmörgum sýningum hér heima og erlendis.

Hún er hluti af listhópnum Arkir en í honum eru listakonur sem hafa sérstakan áhuga á bókinni sem

listformi. „Það skemmtilega við bókverk er að þar er hægt að vera í tilraunastarfsemi en vinna um leið með sína eigin myndbyggingu og litasamsetningu,“ segir Helga Pálína. ■



Sýningin Ungur temur gamall nemur er á Ísafirði.

Rætur myndlistar á Ísafirði

kolbrunb@frettabladid.is

Sýningin Ungur temur gamall nemur – um rætur myndlistar á Ísafirði, stendur yfir í Galleríi Úthverfu.

Ungur temur gamall nemur er sex vikna verkefni í sýningarrými og listaverkabókabúð Úthverfu í miðbæ Ísafjarðar þar sem fjallað verður um uppruna myndlistar á Ísafirði og sagan rakin með myndum, texta, spjalli, viðtölum, málþingum og kynningum.

Fjallað verður sérstaklega um feril Kristjáns H. Magnússonar (1903-1937) listmalara sem lærði hagnýta grafíklist í Ameríku og fyrsta teiknikennarann hans Guðmund Jónsson frá Mosdal (1886-1956).

Sýningunni er ætlað að vera líf-

andi sýningarvettvangur sem gefur innsýn í sögu myndlistar á Ísafirði eins og hún birtist hjá listamönnum tveimur og jafnframt spyrja spurninga og leita svara. Lögð verður áhersla á samtal sýningargesta og þátttakenda/sýningarstjóra. Kynntir verða til sögunnar sjö ungir hönnuðir með tengingu við staðinn og verk þeirra sýnd.

Þátttakendur eru: Einar Viðar Guðmundsson Thoroddsen, Elísabet Sóldís Þorsteinsdóttir, Fannar Már Skarphéðinsson, Jónbjörn Finnbogason, Margrét Lóa Stefánsdóttir, Marsibil Sól Þórarinsdóttir Blöndal og Una María Magnúsdóttir.

Leitað er dæma úr myndlistarsögu svæðisins og kastljósins

varpað á mikilvægi þess að börn og unglingar fái tækifæri til að tjá sig myndrænt með leiðsögn hæfra kennara. Verkefnið mun teygja anga sína út fyrir sýningarrýmið þar sem það á við.

Sýningarstjóri er Guðmundur Oddur Magnússon (Goddur) rannsóknarprofessor í grafískri hönnun og sýningin tengist rannsóknarverkefni hans sem fjallar um myndmál í prentsögu Íslands 1844-1944.

Allt ferlið verður myndað og skráð og efni safnað fyrir útgáfu bæklinga og til kynningar á netinu. Að sýningunni lokinni verður efni sýningarinnar og það sem safnast hefur á sýningartímanum tekið saman og gefið út á prenti.

Sýningin stendur til 28. ágúst. ■



Ólafur Kjartan Sigurðarson stórsöngvari.

Ólafur Kjartan slær í gegn

kolbrunb@frettabladid.is

Á dögunum debúteraði Ólafur Kjartan Sigurðarson á Wagnerhátíðinni í Bayreuth í hlutverki Biterolfs í óperunni Tannhäuser. Ólafur þótti standa sig frábærlega, bæði í söng og leik, og er nú kominn með samning

til nokkurra ára við hátíðina. Hann mun meðal annars syngja Alberich í nýjum Niflungahring 2022.

Fyrir utan Tómas Tómasson, sem söng Telramund í Lohengrin fyrir nokkrum árum, hafa engir Íslendingar farið með einsöngshlutverk í Bayreuth. ■

Endurómur á Hjalteyri


kolbrunb@frettabladid.is

Myndlistarsýningin Endurómur / Resonance er opin í Verksmiðjunni á Hjalteyri. Þar sýna Angela Dufresne, Olga Bergmann, Anna Hallin, Vesa-Pekka Rannikko og Simon Rouby. ■



Verk eftir Simon Rouby.

SITTU BETUR IVETUR



-30% af öllum stólum



**30%
AFSLÁTTUR**

ERGO MEDIC 100-2
TILBOÐSVERÐ
159.900 kr.
LISTAVERÐ **229.900 kr.**



**30%
AFSLÁTTUR**

P90
TILBOÐSVERÐ
78.900 kr.
LISTAVERÐ **112.900 kr.**



**30%
AFSLÁTTUR**

HEADPOINT
TILBOÐSVERÐ
64.900 kr.
LISTAVERÐ **93.900 kr.**



**35%
AFSLÁTTUR**

SUPPORT
TILBOÐSVERÐ
20.400 kr.
LISTAVERÐ **31.400 kr.**
Hægt að kaupa arma sér



**30%
AFSLÁTTUR**

SITNESS 15
TILBOÐSVERÐ
69.900 kr.
LISTAVERÐ **103.900 kr.**

RAMMASAMNINGUR VIÐ
RÍKISKAUP

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37. Sími: 564-5040. hirzlan@hirzlan.is.

www.hirzlan.is

Verslun opin mán-fim 09:00-18:00, föstudaga 09:00-17:00, laugardaga 12:00-16:00. Lager opinn mán-fim 13:00-17:00 og föstudaga 13:00-16:00.



ÞINN STUÐNINGUR ER OKKAR ENDURHÆFING



Ljósavinir hafa snert líf mitt án þess að vita það.
Komdu í hópinn!

ljosid.is



Þriðjudagur

Hringbraut

- 18.30 **Heyrnin (e) fyrri hluti**
- 19.00 **Matur&Heimili (e)** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 19.30 **Eldhugar (e)** Í Eldhugum er farið með viðmælendur út á jaðar hreysti, hreyfingar og áskorana lífsins.
- 20.00 **Keppnin. Besti maturinn (e)** Sigildur þáttur frá fyrri árum Hringbrautar þar sem Vala Matt fékk til sín þjóðþekktu einstaklinga sem kepptust um að gera besta matinn.

RÚV Sjónvarp

- 07.55 **ÓL 2020. Fimleikar Úrslit í áhaldafimleikum** Bein útsending.
- 10.00 **ÓL 2020. Frjálsípróttir** Bein útsending.
- 11.00 **Upplýsingafundur Almanna- varna** Bein útsending.
- 11.35 **Þýskaland - Egyptaland ÓL 2020: Handbolti** Bein útsending.
- 13.20 **Noregur - Danmörk ÓL 2020: Handbolti** Bein útsending.
- 15.05 **ÓL 2020. Dýfingar karla** Bein útsending.
- 16.45 **Mótorsport Skagafjarðarrall og Torfæra á Akranesi**
- 17.15 **Íþróttaaufrek sögunnar** Endurkoma Liverpool og Ólympíuleikarnir í Mexíkó 1968
- 17.45 **Landakort** Sungið eftir nótum frá miðöldum.
- 17.50 **Tákn málsfréttir**
- 18.00 **KrakkaRÚV**
- 18.01 **Handboltaáskorunin**
- 18.13 **Bitið, brennt og stungið**
- 18.28 **Hönnunarstirnin**
- 18.46 **Bílskúrsbras**
- 18.50 **Sumarlandabrot 2020** Iðnaðarmenn - húsasmíði.
- 19.00 **Fréttir** Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, árið um kring.
- 19.25 **Íþróttir**
- 19.30 **Veður**
- 19.35 **Sumarlandabrot**
- 19.45 **Ólympíukvöld** Samantekt frá viðburðum dagsins á Ólympíuleikunum í Tókýó.
- 20.25 **Soð í Dýrafirði Sandaker**
- 20.45 **Innlit til arkitekta - Josefina Nordmark** Hemma hos arkitekten
- 21.25 **Dagbók smákrinna Måste Gitt**
- 22.00 **Tíufréttir**
- 22.15 **Veður**
- 22.20 **Skylduverk Line of Duty**
- 23.20 **Danir í Japan** Danskerne í Japan
- 23.50 **ÓL 2020. Frjálsípróttir** Bein útsending.
- 03.30 **Ólympíukvöld** Samantekt frá viðburðum dagsins á Ólympíuleikunum í Tókýó.
- 04.05 **ÓL 2020. Handbolti 8-liða úrslit kvenna** Bein útsending.
- 05.50 **Dagskrárlök**

Stöð 2 Golf

- 09.45 **European Tour** Útsending frá Hero Open.
- 14.30 **European Tour** Útsending frá ISPS Handa World Invitational.
- 19.00 **European Tour 2021 - Highlights**
- 19.30 **European Tour** Útsending frá ISPS Handa World Invitational.

Sjónvarp Símans

- 06.00 **Síminn + Spotify**
- 12.30 **Dr. Phil**
- 13.15 **The Late Late Show**
- 14.00 **The Block**
- 15.05 **90210**
- 15.50 **American Housewife**
- 16.15 **Young Rock**
- 16.50 **The King of Queens**
- 17.10 **Everybody Loves Raymond**
- 17.35 **Dr. Phil**
- 18.20 **The Late Late Show**
- 19.05 **The Block**
- 20.10 **Vínátta**
- 20.40 **The Moodys**
- 21.10 **Younger**
- 21.40 **Bull**
- 22.30 **Love Island**
- 23.20 **The Royals**
- 00.05 **The Late Late Show**
- 00.50 **New Amsterdam**
- 01.35 **Normal People**
- 02.05 **Nurses**
- 02.50 **Love Island**
- 03.40 **Síminn + Spotify**

RÚV Rás eitt

- 06.45 **Morgunbæn og orð dagsins**
- 06.50 **Morgunvaktin**
- 07.00 **Fréttir**
- 07.30 **Fréttayfirlit**
- 08.00 **Morgunfréttir**
- 08.30 **Fréttayfirlit**
- 09.00 **Fréttir**
- 09.05 **Segðu mér** Andrés Jónsson almannatengill.
- 09.45 **Morgunleikfimi**
- 10.00 **Fréttir**
- 10.03 **Veðurfregnir**
- 10.13 **Á reki með KK**
- 11.00 **Fréttir**
- 11.03 **Sumarmál. Fyrri hluti**
- 12.00 **Fréttir**
- 12.03 **Hádegisfréttir**
- 12.20 **Hádegisfréttir**
- 12.42 **Hádegisfréttir**
- 13.00 **Dánarfregnir**
- 13.02 **Sumarmál. Seinni hluti**
- 14.00 **Fréttir**
- 14.03 **Lofthelgin**
- 15.00 **Fréttir**
- 15.03 **Frjálsar hendur** Pólska hetjan Tadeusz Kociszko, fyrri lestur.
- 16.00 **Siðdegisfréttir**
- 16.05 **Tengivagninn**
- 17.00 **Fréttir**
- 18.00 **Kvöldfréttir**
- 18.10 **Brot úr Morgunvaktinni**
- 18.30 **Krakkakastið** Harry Potter #1.
- 18.50 **Veðurfregnir**
- 18.53 **Dánarfregnir**
- 19.00 **Sumartónleikar** Tónlistarhátiðin í Granada.
- 20.30 **Segðu mér** Andrés Jónsson almannatengill.
- 21.10 **Íslendingasögur Ólafía** Aðalsteinsdóttir
- 21.40 **Kvöldsagan. Dægradvöl** (2 af 31)
- 22.00 **Fréttir**
- 22.05 **Veðurfregnir**
- 22.10 **Sumarmál. Fyrri hluti**
- 23.05 **Sumarmál. Seinni hluti**
- 00.00 **Fréttir**
- 00.05 **Naturútvargur Rásar 1**

Stöð 2 Bíó

- 11.55 **Hop**
- 13.30 **Dater's Handbook**
- 14.55 **Austin Powers, the Spy Who Shagged Me**
- 16.25 **Hop**
- 18.00 **Dater's Handbook**
- 19.25 **Austin Powers, the Spy Who Shagged Me**
- 21.00 **A Beautiful Day in the Neighborhood**
- 22.45 **The Hangover**
- 00.20 **Angel of Mine**
- 01.55 **A Beautiful Day in the Neighborhood**

Stöð 2

- 08.00 **Heimsókn**
- 08.20 **The Mentalist**
- 09.05 **Bold and the Beautiful**
- 09.25 **The Good Doctor**
- 10.05 **Logi í beinni**
- 10.55 **Út um víðan völl**
- 11.25 **NCIS**
- 12.05 **Friends**
- 12.35 **Nágrannar**
- 12.55 **The Good Doctor**
- 13.35 **The Office**
- 14.00 **Ísskápastríð**
- 14.30 **Dagbók Urriða**
- 14.55 **Lögreglan**
- 15.20 **Feðgar á ferð**
- 15.45 **The Masked Singer**
- 16.55 **Veronica Mars**
- 17.35 **Bold and the Beautiful**
- 18.00 **Nágrannar**
- 18.26 **Veður**
- 18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
- 18.45 **Sportpakinn**
- 18.55 **Einkalíf** Þættir í umsjón Stefáns Árna Pálssonar en í þeim er rætt við Íslendinga sem skara fram úr á sínu sviði.
- 19.25 **Saved by the Bell**
- 19.55 **The Goldbergs**
- 20.20 **Next** Hörkuspennandi vísindaskáldskapur og glæpaþættir frá 2020 með John Slattery í aðalhlutverki.
- 21.05 **Patrekur Jamie. Æði**
- 21.25 **The Girlfriend Experience**
- 22.00 **Last Week Tonight with John Oliver**
- 22.30 **The Wire** Hörkuspennandi myndaflokkur sem gerist á strætum Baltimore í Bandaríkjunum.
- 23.30 **Pennyworth**
- 00.20 **LA's Finest**
- 01.05 **Blinded** Sænskir spennuþættir um viðskiptablaðakonuna Beu sem hefur tekið þá ákvörðun að blanda aldri saman vinnu og einkalífi.
- 01.50 **The Mentalist**
- 02.35 **The Good Doctor**
- 03.15 **NCIS** Geysivinsælir og léttir spennuþættir sem fjalla um Jethro Gibbs og félag hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.

Stöð 2 Sport

- 08.45 **Annáll 2019. Íslensk knattspyrna kvenna**
- 09.40 **KR - Fram** Útsending frá leik í Lengjubíkar karla.
- 11.20 **ÍBV - Keflavík 1997**
- 11.45 **Keflavík - Víkingur R.** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
- 13.25 **Leiknir R. - KA**
- 15.05 **Keflavík - Breiðablik**
- 16.45 **KR - Fylkir**
- 18.30 **Pepsi Max Upphitun**
- 19.05 **Breiðablik - Víkingur R.** Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
- 21.15 **Pepsi Max Stúkan**
- 21.55 **Þróttur R. - Keflavík** Útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
- 23.35 **Breiðablik - Víkingur R.**

Stöð 2 Sport 2

- 08.30 **Derby - Sheffield Wednesday**
- 10.20 **New England Patriots - San Francisco 49ers**
- 12.35 **Baltimore Ravens - Pittsburgh Steelers**
- 15.05 **Dortmund - Zenit St. Pétersborg**
- 16.40 **Manchester United - Leipzig**
- 18.20 **Leicester - Braga**
- 20.00 **CSKA Moskva - Feyenoord**
- 21.40 **Molde - Arsenal**
- 23.15 **Barnsley - Swansea**

Elskarðu að hangsa?

fatboy®

**Fatboy hengirúmin eru
fullkominn staður til þess
að hanga á og hvílast.**

Hvort sem er inni eða úti, heima eða uppi í bústað,
Headdemock hengirúmið frá Fatboy elskar að
hangsa með þér.

Verð 84.900 kr.

Fjársjóður frá Paisley Park

Þótt fimm ár séu liðin síðan Prince kvaddi þennan heim birtust nýlega tólf áður óútgefin lög eftir hann á plötunni *Welcome 2 America*. Einn helsti aðdáandi Prince á Íslandi segir sérstakt að platan hafi ekki lekið út.

arnartomas@frettabladid.is

Ný plata poppgóðsagnarinnar Prince kom út laust fyrir helgi og ber heitið *Welcome 2 America*. Á plötunni má finna tólf áður óútgefin lög tónlistarmannsins sem tekin voru upp árið 2010 í aðdraganda samnefndrar tónleikaferðar Prince. Platan var hins vegar ekki gefin út þá, lögin rötudu ekki upp á svið í tónleikaferðinni og bárust því í raun ekki aðdáendum Prinsins fyrr en við útgáfu plötunnar nú fyrir helgi.

Eftir andlát Prince árið 2016 dúkkuðu margir upp um víða veröld sem vildu meina að þeir hefðu alla tíð verið heitustu aðdáendur hans en einn maður gæti átt eitthvert tilkall til krúnunnar hér á Íslandi. Þórir Jóhannsson hefur verið aðdáandi Prince frá árinu 1985 og státar af því að hafa séð hann fjórtán sinnum á tónleikum og hitt hann einu sinni í eigin persónu.

„Það er í raun mjög sérstakt að lítið sem ekkert af efni þessarar plötu hafi lekið út. Það vissu í raun mjög fáir af henni,“ segir Þórir um *Welcome 2 America*. „Yfirleitt þegar Prince vann með öðrum, sem hann gerði mikið af, þá lak eitthvað af efni út en Prince-heimurinn hafði heyrt lítið sem ekkert um þessa plötu fyrr en útgáfa hennar var tilkynnt.“

Í samkeppni við sjálfan sig

Þórir hafði að sjálfsgöðu pantat ein-tak af plötunni en hlustaði á hana á Spotify á ferðalagi um helgina. „Eftir að hafa rennt í gegnum hana þá er þetta alveg dæmigert Prince-efni síðustu 20-30 ára,“ segir hann. „Einn þriðji hluti plötunnar er á góðum Prince-standard, einn þriðji er mjög gott efni á almennan mælikvarða og einn þriðji er „uppfyllingarefni“ á Prince-standard. Þessi skipting finnst mörgum í raun vera svolítið gegnumgangandi á útgáfum fyrir síðari hluta ferils Prince.“

Þórir segir að væntingarnar séu þó alltaf miklar þegar kemur að Prince. „Ráin er auðvitað sett ansi

”

Ráin er auðvitað sett ansi hátt þegar Prince er annars vegar, fáir listamenn hafa gefið út jafngott, fjölbreytt og mikið efni í gegnum tíðina.

hátt þegar Prince er annars vegar, fáir listamenn hafa gefið út jafngott, fjölbreytt og mikið efni í gegnum tíðina,“ segir hann. „Það er alltaf frekar erfitt að vera í svona mikilli samkeppni við sjálfan sig og samamburðurinn er alltaf hápunktarnir í listsköpuninni – sérstaklega þegar menn gefa út að minnsta kosti eina plötu á ári, áratugum saman.“

Erindi við samtímann

Á plötunni fer Prince yfir ýmislegt sem honum þótti ábótavant í bandarísku samfélagi í kringum árið 2010 og tekur meðal annars á kynþáttafordómum, falsfréttum, trúarbrögðum og kapitalisma. Þórir segir að þótt platan hafi verið tekin upp fyrir tíu árum eigi hún jafnvel enn meira erindi við heiminn í dag.

„Prince reynist vel forspár á þessari plötu og fer inn á mikið af hlutum eins og stóra bróður og snjallsímana sem hlusta á þig. Á þessum tíma var fólk ekki jafnmikið að þæla í þessum hlutum,“ segir Þórir. „Ég áttaði mig fyrst á því hversu mikið til dæmis farsíminn fylgist með þér árið 2016 – var að ræða um ákveðið málefni í góðum hóp sem ég hafði aldrei talað um áður, og svo birtist grein um nákvæmlega þetta efni hjá mér á Facebook morguninn eftir. Prince fer einmitt inn á þetta í texta á plötunni – og það árið 2010.“

Spurður hversu merkilegt það sé að þessi plata sé að koma út núna bendir Þórir á hversu mikið efni Prince hafi gefið út í gegnum árin. „Hann gaf náttúrulega út plötu á hverju ári í fjórtíu ár, og tuttugu til þrjátíu undir öðrum nöfnum og fyrir aðra, svo það var gríðarlegt magn sem lá eftir hann,“ segir Þórir. „Í sérstakri hvelfingu undir 5.000 fermetra hljóðverinu hans, Paisley Park í Minneapolis, fundust eftir andlát hans árið 2016 þúsundir laga, heimildarmynda, tónleikamynda og kvikmynda – í raun fullt af óút-



Frá tónleikum Prince á Ofurskálinni 2007 í leik Indianapolis Colts og Chicago Bears.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY



Welcome 2 America hefur fengið ágætis dóma frá gagnrýnendum.



Þórir ásamt Kirk Johnson, samstarfsmanni og trommara Prince til áratuga.

MYND/ADSEND

Manic Panic
hárlitímírfást
hjá okkur
sendum um allt land

HOKUS POKUS

www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

gefnu efni sem hafði safnast saman í gegnum ferilinn. Menn hafa verið að tala um að það sé efni í plötu, með nýju óútgefnu efni, á hverju ári í hundrað ár. Ég gæti trúað því að það væri ekki fjarri lagi.“

Þórir segir að því komi útgáfa *Welcome 2 America* kannski ekki á óvart heldur sé það frekar óvenjulegt að efni hennar hafði hvergi lekið út með einhverjum hætti. „Þegar platan var tekin upp kallaði hann til sín tvo hljóðfæraleikara sem hann hafði ekki unnið með áður. Þau eyddu nokkrum dögum í hljóðverinu í spuna og upptökum og svo heyrðu þeir ekkert frá honum eftir að upptökum lauk,“ segir hann. „Það er einhver ástæða fyrir því að þessi plata kom ekki út á sínum tíma – og það er aðeins einn sem veit í raun af hverju þó svo ég hafi mínar kenningar um það.“

Á undan sinni samtíð

Einhverjir vilja meina að ástæða þess að Prince gaf lögin ekki út á sínum tíma tengist því hve ósáttur hann hafi verið við tónlistarveit

á vefnum. Þá gaf hann meðal annars út fræga yfirlýsingu þess efnis að „internetinu væri lokið“. Þórir segir það þó ólíklegt og að sú yfirlýsing sé oft tekin úr samhengi – hann hafi átt við að nýjar dreifileiðir tónlistar á netinu, aðallega niðurhal og streymi, kæmu verst niður á tónlistarmönnum og að margir væru að græða á tónlistarneyslu á netinu, nema tónlistarmenn. „Ég held að margir, sérstaklega framan af þróuninni og þar til nýlega, geti tekið undir það.“

„Prince var til dæmis einna fyrstur stórra tónlistarmanna til að nýta sér internetið og selja efni á því. Árið 1997 stofnaði Prince til dæmis aðdáendaklúbb á netinu þar sem hægt var að nálgast og kaupa efni – langt á undan öðrum listamönnum og útgefendum. Þar mátti meðal annars finna plötuna *Crystal Ball* sem var fimmmíld plata með þá óútgefnu efni úr safninu,“ segir hann. „Þannig að það stangast auðvitað á við einhverjar yfirlýsingar sem hann hafði

gefið út um tónlist og sölu á vefnum. Þess má einnig geta í þessu samhengi að hann sagði að persónulegar tekjur hans hefðu verið meiri af þessari plötu en af *Purple Rain*.“

Þrátt fyrir að platan hafi komið á óvart segir Þórir að *Welcome 2 America* og útgáfuleysi hennar á sínum tíma sé á vissan hátt dæmigert fyrir Prince – hann hafi unnið svo mikið efni og svo hratt að plöturnar hefðu jafnvel verið orðnar gamlar fréttir fyrir honum þegar þær komu út. „Til dæmis má nefna að þegar hann var að túra og fylgja eftir *Purple Rain* þá var hann tilbúinn með nýja plötu þegar túrin hófst og hætti á *Purple Rain* túrnun á miðri leið til að geta gefið út meira efni,“ segir Þórir. „Hann gaf plötunum sínum oft á tíðum ekki almennilegan tíma til að lifa – því sköpunarkrafturinn og vinnusemin var oft komin langt á undan hefðbundnu 2-3 ára líftímaferli nýrra útgáfna. Það þurfti að koma nýju efni út.“ ■

DREAMWORKS

STUBBUR STJÓRI

FJÖLSKYLDUBRANSINN



Í BÍÓ 4. ÁGÚST

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA

BORGAR BÍÓ

HÁSKÓLA BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ
BARA LUXUS

ÁLFABAKKI
SAMBÍÓ

AKUREYRI
SAMBÍÓ

SAMBÍÓ
ÉGILSHÖLL

SMÁRA BÍÓ

RÝMINGARSALA Á GARÐHÚSGÖGNUM 30-50% AFSLÁTTUR



STOCKHOLM

Þriggja sæta útisófi. Stærð: 212 x 80 x 88 cm

111.993 kr. ~~159.990 kr.~~

Útistöfl. Stærð: 86 x 88 x 80 cm

41.993 kr. ~~59.990 kr.~~

BALI ÚTISÓFI M/ HÁU BORDI

Fallegt og þægilegt garðsett úr svörtu Poly rattan (tveggja þráða 8 mm flötu fléttuefni). Ofið utan um duft húðaða járngrind (sinkrör). Hornsófi og hátt matborð. Með settinu fylgja setpullur og þægilegar bakpullur úr svampi með áklæði úr pólýester.



Stærðir
Borð: 144,5 x 74,5 x 67 cm.
Sófi: 236 x 179 x 67 cm.

69.995 kr.
~~139.990 kr.~~

BERMUDA

Grásvart sett, 4 einingar sem má raða saman á marga vegu. Vinstri og hægri sófaeining með armi, þeim fylgja setpullur og bakpúðar. Einnig tvær ferkantaðar einingar, þeim fylgja setpullur og annarri fylgir einnig hert gler. Hægt er að mynda t.d. hornsófa, 4-6 sæta langan sófa með skammeli og/eða borði.



Stærð horneininga:
154,5 x 83 x 66 cm
Stærð ferköntuðu
eininganna: 83 x 83 cm.

95.994 kr.
~~159.990 kr.~~



HÚSGAGNA
HÖLLIN

Sími: 558 1100

Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga
Ísafjörður Skeiði 1



Kristinn, Daniel fyrir miðju og Haukur til hægri voru allir saman áður í hljómsveitinni Hide your kids.

MYND/KATRÍN LILJA ÓLAFSDÓTTIR

Indírokkíð rís á ný

Hljómsveitin SuperSerious er skipuð þeim Daniel Jóni, Kristni Þór, Hauki og Helga sem nýlega bættist í hópinn. Von er á plötunni Let's get serious frá þeim innan skamms. Sveitin spilar á Airwaves í ár.

steingerdur@frettabladid.is

Indíhljómsveitin SuperSerious er skipuð þeim Daniel Jóni Jónssyni, Kristni Þór Óskarssyni og Hauki Jóhannssyni og nú fyrir stuttu bættist Helgi Einarsson í hópinn. Sveitin kemur úr Garðabæ sem Haukur lýsir kíminn sem „litlu krúttlegu sjávarþorpi staðsettu rétt fyrir utan höfuðborgarsvæðið“. Þeir segjast lengi hafa verið að fikta við að gera tónlist, en þeir voru allir saman í Garðaskóla. Áður voru þeir saman í hljómsveitinni Hide your kids, sem tók meðal annars þátt í Músiktilraunum 2014 en lagði upp laupana fyrir nokkrum árum.

„Eftir að Hide your kids hætti flutti Danni til London að læra „animation“ og Kiddi fór í tónlistarskóla í Los Angeles. Þá vorum við allir hver í sínu landinu en alltaf að ræða okkar á milli hvað við þyrftum að fara að gera eitthvað þegar við yrðum allir saman á Íslandi,“ útskýrir Haukur.

„Við höfðum talað um það í nokkur ár að þessu sýnþopp-, RnB- og hiphop-tímabili væri að ljúka og rokkið að koma aftur. Trommur, gítar og bassi dæla dreif úr tísku. Það var bara kominn tími á smá töfarskap aftur í tónlist, það þurfa ekki allir tónlistarmenn að leika í bensinstöðvauglýsingum. Við vissum kannski ekki alltaf hvað við vildum eða nákvæmlega hvernig tónlist við vildum gera, en við vissum svo sannarlega hvernig tónlist við vildum ekki gera,“ bætir Kristinn við.

„Á meðan bílskúrsrokkið dó svolítið á Íslandi á meðan rappbylgjan tók yfir þá var rokkið ennþá mjög sýnilegt í London, þar

sem Danni bjó. Það má eiginlega segja að hljómsveitin hafi fæðst í London, eða allavega hugsjónin, og mörg lögin voru samín þar,“ segir Haukur.

Skilvirkt ferli

Hljómsveitin var annar tveggja sigurvegara lagakeppinnar Sykurmolans í fyrra, en hún er haldin á vegum útvarpsstöðvarinnar X-ins, sem hefur haft veg og vanda af því að halda rokkinu gangandi á sínum bylgjum.

„Það vildi eiginlega bara þannig til að við vorum akkúrat nýbúinir að taka upp tvö lög þegar við heyrðum af þessari keppni og hugsuðum bara: Af hverju ekki? Auðvitað kom það okkur á óvart að vinna. Það var rosalega mikið af flottum lögum í þessari keppni,“ segir Haukur.

„Það kom okkur klárlega skemmtilega á óvart að vinna en við höfðum samt alveg rosalega trú á þessu lagi sem við sendum inn, það sat á topplistanum hjá X-inu í yfir þrjá mánuði,“ bætir Kristinn við.

Kristinn segir þá vinna eftir ákveðnu ferli sem hefur virkað vel.

„Danni kemur með lagahugmynd, sendir okkur hrá sítademo. Svo hittast Danni og Haukur og prófa að spila lögin og raða upp köflum. Svo tek ég upp grunn að laginu og það fær að fara í gegnum mína pródúseringu þar sem ég prófa hluti í stúdíóinu. Ingeborg Andersen, fyrrverandi kærasta Danna, semur textana við laglinurnar, þannig að stundum eru laglinur og frasar að mótast hægt og rólega í upptökuferlinu.

Við höfum allir mjög ólíka nálgun þegar kemur að tónlist en það hefur virkað mjög vel og við skiljum hver annan tónlistarlega. Sama hvort við erum alltaf samála eða ekki,“ segir Kristinn.

Öðruvísi upptökuáferðir

Von er á fyrstu plötu SuperSerious um miðjan september og heitir heitir hún Let's Get Serious. Um er



Við vissum kannski ekki alltaf hvað við vildum eða nákvæmlega hvernig tónlist við vildum gera, en við vissum svo sannarlega hvernig tónlist við vildum ekki gera.

Kristinn Þór

að ræða sex laga EP-plötu sem Alda Music gefur út.

„Það hefur verið skemmtilegt samstarf. Platan er bara akkúrat það sem okkur hefur fundist vanta í íslenska tónlistarflöru undanfarið ár. Platan er öll tekin upp í þínulitlu stúdíói þar sem við þyrftum stundum að prófa alls konar furðulegar upptökuáferðir til að ná þeim karakter sem við vorum að elta við, ákváðum alveg frá byrjun að við vildum ekki hljóma eins og íslenskt band. Sem ég held að hafi tekist ágætlega,“ útskýrir Kristinn.

Núna tekur við hjá þeim ferli þar sem þeir eru í raun að æfa upp plötuna.

„Við fengum til liðs við okkur vin okkar Helga Einarsson, sem ætlar að vera á trommum hjá okkur. En hann spilaði inn á þrjú lög á plötunni,“ segir Haukur.

„Það er stundum furðulegt að taka upp heila plötu án þess að hafa spilað lögin saman, þannig að það er ákveðin vegferð. Svo vonandi getum við haldið útgáfutónleika og spilað á Airwaves. En svo erum við að fara að hefjast handa við upptökur á annarri plötu, þannig að það verði nú líka góð tónlist í útvarpinu á næsta ári,“ bætir Kristinn öruggur við að lokum. ■




ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ SPAÐANS!



16" Pizza af matseðli 1.600

16" Pizzurnar okkar eru stórar og duga fyrir 3 fullorðna



SPAÐINN

Fjarðargata 11

Dalvegur 32b

550 5000

RITSTJÓRN
ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGAÐEILD
auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN
Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

Bakþankar

Hauks Arnar
Birgissonar



Rafútilegur

Ég er mikill áhugamaður um útilegur. Ekki vegna þess að mér finnst þær eftirsóknarverð afþreying, heldur þvert á móti. Mér er fyrirmunað að skilja aðdráttaraflíð við þetta ferðaform og er hugfanginn af því hvers vegna fólk sækist í það. Eins og sprautufíkill í leit að sinni fyrstu vímu, þá heldur útilegufólk áfram að flykkjast út um allar koppagrunDIR í leit að hinn fullkomnu helgi. Í einhverri fjarlægri minningu skein sólin í nokkra daga, klósettinn voru lyktarlaus, vindurinn nógu lítill svo flugurnar héldu sig fjarri, fólkið í næsta tjaldi var viðkunnanlegt og sundlaugin var ekki drekkhlaðin öskrandi börnum. Þessi staður og stund er hins vegar ekki til. Þetta er mýta. Goðsögn, sem búin var til af fólkinu sem rak Útivistarbúðina hjá Umferðarmiðstöðinni fyrir aldamótin síðustu. Íslenska útilegan er gömul talsýn, líkt og ónýtur ísskápur sem einu sinni þótti svalur.

Auðvitað getur komið fyrir að kjöraðstæður skapist fyrir útilegur en líkurnar á því að grísa á réttan grasblett þessa tvo daga ársins eru hverfandi. Ekki hjálpar til að íslenskir veðurfræðingar geta ekki spáð fyrir um veðrið, heldur aðeins sagt af því fréttir eftir á. Örlög ferðalanga eru því bundin hreinni slembilukku.

Nú þegar Ísland er orðið appelsínugult í veirulitrófi ESB og Þórolfur segir okkur að forðast hættusvæði, virðist liggja beinast við að landsmenn flýi íslenska smitbera og ferðist til grænna landa Skandinavíu eða Austur-Evrópu. Virusinn gengur vist enn og þar sem þessi virus getur ekki lagst á tölvur landsmanna eru rafútilegur í Herjólfssdal kannski ekki svo slæm hugmynd eftir allt saman. ■

FRÉTTABLAÐIÐ
37% LANDSMANNA
ERU Í BÍLAHUGLEIÐINGUM
49% LESA
FRÉTTABLAÐIÐ
ERT ÞÚ AÐ NÁ TIL RÉTTA FÓLKISINS?

FRÉTTABLAÐIÐ
Með því að auglýsa í Fréttablaðinu og á frettabladid.is nærðu til rétta fólksins.

*Skv. Nývegluðinn Gallup. **Íbúar á Héfuðborgarsvæðinu á aldrinum 35-65 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali, skv. prentmælingum Gallup.

★ GERÐ GÆÐA & VERÐSAMANBURÐ ★

HÖFUM ÞAÐ GOTT HEIMA í sumar

HEIMA ER BEST

STILLANLEG HJÓNARÚM

MEÐ BODYPRINT DÝNU - EIN ALLRA
BESTA HEILSUDÝNA Í HEIMI

Verð frá kr. 439.900.-

VAXTALAUSAR
12
mán
GREIÐSLUR

BODYPRINT® Reverie
Sleep well tonight. Live better tomorrow.™

Verð birt með fyrirvara um innsáttarvillur og/eda breytingar.

SÆNGURVER OG NÁTTSLOPPAR

HANDGERT ILMKERTI MEÐ SUMARLEGUM BERJAILMI

VANDAÐAR SÆNGUR OG KODDAR Í ÚRVALI

SUMARLEG SÆNGURVERASETT

OUTLET

GERÐU FRÁBÆR KAUP

Afsláttur af skiptidýnum, eldri gerðum, sófum, hvíldarstólum, mjúkvöru og fl.

Svefn & heilsa
★★★★★

Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu

MIKIÐ ÚRVAL Í STÆRRI GERÐUM

FLEIRI STÆRDIR, OG GERÐIR Í BOÐI

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233
BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstöðum | svefnogheilsa.is

UM FJÓRÐUNGUR LANDSMANNA SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU*
*Samkvæmt könnun frá Gallup.

BALDURSNES 6 - AKUREYRI

VERSLUN & OUTLET - LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK